SKÍÐAVIKAN
ÍSAFIRÐI

# Skíðablaðið

BLAÐ SKÍÐAFÉLAGS ÍSFIRÐINGA 2015



ALDREI FÓR ÉG SUÐUR
ROKKHÁTÍÐ ALÞÝÐUNNAR




Framtíðarreikningur

# Við bjóðum góðar framtíðarhorfur

Á þessum tímamótum, þegar fullorðinsárin nálgast með öllu sínu sjálfstæði og spennandi tækifærum, er tilvalið að ræða hvernig sparnaður og fyrirhyggja í fjármálum geti best lagt grunn að bjartri framtíð. Okkur langar í því sambandi að benda á kosti Framtíðarreiknings Íslandsbanka sem ber hæstu vexti almennra, verðtryggðra innlánsreikninga og er bundinn til 18 ára aldurs.

Kynntu þér málið betur á islandsbanki.is eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

Börn á fermingaraldri sem kjósa að **ávaxta 30.000 kr. eða meira á Framtíðarreikningi fá 5.000 kr. í mótframlag** frá Íslandsbanka inn á reikninginn.*

*Gildir einu sinni fyrir hverja kennitölu þeirra barna sem koma ásamt forráðamönnum í útibú Íslandsbanka fyrir 1. júlí 2015.

islandsbanki.is | Netspjall | Sími 440 4000 | Facebook

Íslandsbanki



# Ávarp formanns Skíðafélags Ísfirðinga

**Lægðir, lægðir og ennþá fleiri lægðir – þessu fylgir rok, rok og ennþá meira rok og fok. Þessi söngur hefur glumið í eyrum landsmanna síðan í byrjun desember og enginn landshluti hefur verið laus við þennan söng og hvin. Í upphafi þegar fyrstu lægðirnar dundu á landinu var bjart yfir skíðafólki og allir glöddust. Með lægðunum kæmi snjórinn og þannig væri nefnilega von á að skíðasvæðin opnuðu snemma í ár (eða þannig). En gamanið kárnaði þegar lægðirnar voru orðnar tuttugu og fimm, fjölgaði svo enn hraðar og núna er fjöldi lægða víst orðin 39 og enn bætir í. Jújú snjórinn hefur verið til staðar og hefur verið þokkalegur, haldist býsna vel en ekki hefur verið hægt að nota hann sem skildi vegna roks, roks og foks.**

Það var stund á milli lægða í dag en sú fertugasta er víst á leiðinni. Í gær um þetta leytið var 51 m/s á Seljalandsdal. Í dag var sól, logn og fullkomið útivistarveður. Nú þegar veturinn er meira en hálfnaður hafa ekki verið margir dagar þar sem skíðaáhugafólk hefur getað farið á skíði. Litið er til veðurs að morgni dags í flottu veðri og allir sáttir að heyra tilkynningu um að skíðasvæðin opnist á réttum tíma. En Adam var víst ekki lengi í Paradís. Um kl. 14 var komið ROK enn eina ferðina og allt lokað. Þvílík vonbrigði. Grípa verður til plans B, C og D þegar veðrið skellur á og eiga þjálfarar hrós skilið að vera snöggir að grípa til þessara auka plana. Allt þarf þetta að gerast fyrirvaralaust og breytast tilkynningar á upplýsingarsíðum mjög ört og þurfa þjálfarar og þeir sem eru að æfa að vera snöggir að breyta til í íþróttatöskunni.

Það sem þarf á svona vetri er gífurlegur sveigjanleiki, svo miklu meira en dass af þolinmæði. Það þarf töluvert af henni og svo þarf maður að vera tilbúinn þegar tækifæri gefst að nýta þær stundir sem gefast á milli lægða til að skella sér á skíði. Ekki megum við missa vonina að með hækkandi sól fari þetta nú að glæðast og lengra verði á milli lægðanna. Þannig að við getum fengið að nýta snjóinn eins og til er ætlast af honum.

Við hér á Ísafirði búum svo vel að það er stutt á skíðasvæðin og ef veðrið breytist eitthvað meðan við erum stödd á skíðasvæðunum þá er stutt heim (ekkert lengra en að skjótast í Bónus).

Þeir sem hafa þurft að sýna mikla þolinmæði og hafa þurft að fullnýta hana í vetur eru án efa starfsmenn skíðasvæðisins. Vera tilbúnir að troða þegar færi gefst og ná að troða og gera svæðin þannig að hægt er að fara á skíði með litlum fyrirvara. Það heyrast raddir um að það sé ekki nægilega troðið, þessi bakki ekki troðinn, bara troðinn 3,3 km hringur (það eru fáir saklausir af þessum hugsunum). Það er oft stuttur tími sem þeir hafa frá því að veðrinu slotar og þangað til þeir eru búnir að opna og er það í raun ótrúlegt kraftaverk að þeim takist að opna svo fljótt. Fyrir það eiga starfsmenn svæðisins þakkir skilið.

Það eru nú nokkrar vikur eftir af skíðavertíðinni og vona ég svo sannarlega að það rætist núna úr þessu veðri og við fáum góða og gleðilega páska.


## Skíðablaðið 2015

**Útgefandi:** Skíðafélag Ísfirðinga

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Albertína Friðbjörg Elíasdóttir og Heimir G. Hansson.

**Ritnefnd:** Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Heimir G. Hansson og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir.

**Auglýsingar:** Jóhanna Oddsdóttir og Sigríður L. Sigurðardóttir.

**Ljósmynd á forsíðu:** Ingvar Jakobsson

**Hönnun:** GBG

**Prentun:** Pixel ehf.

**Ljósmyndir:** Ágúst Atlason, Benedikt Hermannsson, Guðný Ágústsdóttir, greinahöfundar og fleiri.

**Stjórn SFÍ:**

Jóhanna Oddsdóttir, formaður
Sigríður Sigurðardóttir, gjaldkeri
Jensína Kristín Jensdóttir, ritari
Kristján Ásgeirsson, meðstjórnandi

**Heimasíða:** www.snjor.is

SKÍÐAVIKAN ÍSAFIRÐI

**Skíðavikustjóri:**

Esther Ósk Arnórsdóttir
Umsjónarmaður Félagsmiðstöðvar
**Heimasíða:** www.skidavikan.is

# Hvítasunnuferð Ferðafélags Ísfirðinga yfir Drangajökul

Um hvítasunnuhelgina 2014 var skipulögð ferð í Reykjafjörð yfir Drangajökul á skíðum. Fyrir ferðinni fór Þröstur Jóhannesson en hún var á vegum Ferðafélags Ísfirðinga. Nokkrir meðlimir Skíðafélags Ísfirðinga gátu ekki látið þessa ferð fram hjá sér fara og er ferðasagan sögð hér.



**Drangajökull** er fimmti stærsti jökull landsins, nú um 145 $km^2$. Hann spannar hæðabilið frá 140 m.y.s. til 925 m.y.s. Það er mun lægra hæðabil en á nokkrum öðrum íslenskum jökli en flestir jöklar á Íslandi hefjast ekki fyrr en í um 1000 m hæð.

Áður en lagt var af stað var búið að setja niður hvaða leið  ætti að ganga. Áætlað var að dagleiðirnar yrðu um 30 km hvorn dag og hækkun rúmlega 900 metrar. Það var því ekki laust við að sumir þátttakendur hefðu af því nokkrar áhyggjur hvort líkamlegt atgervi þeirra myndi skila þeim á áfangastað. Skrásetjarar þessarar frásagnar höfðu vikurnar fyrir brottför reynt að hreyfa aðeins á sér skankana til að koma sér í ásættanlegt form og lögðu af stað með viljann að vopni.

**FÖSTUDAGURINN 6. JÚNÍ**

Eftirvænting og spenna var meðal þátttakenda að hitta samferðafólk sitt. Hópurinn kom saman að kvöldi föstudagsins í Reykjanesi, þar sem sundlaugin var notuð til að mýkja upp vöðva fyrir það sem koma skyldi og hrista hópinn saman. Þangað voru allir mættir nema tveir þátttakendur frá Ströndum sem ákváðu að hitta hópinn daginn eftir inni í Kaldalóni. Ellefu voru skráðir til leiks, sá yngsti 13 ára og sá elsti 78 ára. Reyndar gefur þetta ekki rétta aldursmynd af hópnum þar sem nánast allir aðrir þátttakendur voru á aldrinum 40 – 55 ára. Svo fór að þegar haldið var heim úr Reykjafirði að þá brugðu þeir yngstu og elstu sér í bátsferð heimleiðis.

**LAUGARDAGURINN 7. JÚNÍ**

Lagt var af stað frá Reykjanesi eftir morgunmat, í svarta þoku. Það leit ekki út fyrir mikið útsýni þennan daginn, en eftir því sem við nálguðumst jökulinn meira fór að rofa til og áður en varði var komin glampandi sól. Fyrsti áfangastaðurinn var Kaldalón en við lögðum bílunum rétt handan við Mórillu og um leið og stigið var út úr þeim var hægt að spenna á sig skíðin. Óvenju mikill snjór var í fjöllum eftir snjóþungan vetur og einungis nokkrum dögum áður hafði vegurinn inn í Kaldalón verið opnaður. Áður en hægt var að leggja af stað var nauðsynlegt að bera ríkulega á sig sterka sólarvörn. Ljúft var að leggja af stað upp brekkuna, léttklædd á stuttermabolum.

Ekki tók langan tíma að ganga upp úr Kaldalóninu og upp á jökulinn. Þegar þangað var komið var stefnan sett á jökulbunguna. Hún er hæsti punktur jökulsins en er einungis 925 m yfir sjávarmáli. Mikið útsýni var af jöklinum enda skyggni með besta móti. Við sáum Snæfellsnesið, Ísafjarðardjúp, Hornbjarg og alla leið austur á Skaga. Það var erfitt að hætta að horfa og njóta fegurðarinnar en okkur var ekki til setunnar boðið. Á miðjum jöklinum fór Rögnvaldur Óskarsson að kvarta yfir því að hafa ekki buff eins og nokkur okkar höfðum meðferðis. En ekki deyja Strandamenn ráðalausir og opnuðu bara verslun á ísbreiðunni og gat Rögnvaldur þá keypt buff merkt Skíðafélagi Strandamanna sem reyndust hin bestu kaup.

Á leið niður í Reykjafjörð var komið við til að skoða þrjá sigkatla sem eru í jöklinum. Mikilvægt er að hafa varann á sér á þessum slóðum enda eru katlarnir bæði djúpir með vatni í og tuga metra breiðir. Í nálægð við svona fyrirbæri er ekki laust við að maður finni til smæðar sinnar gagnvart náttúrunni. Á þessum stað skiptust skrásetjarar í tvo hópa; þá sem þorðu að skíða á brúnum þessara fyrirbæra og þá sem héldu sig í öruggri fjarlægð – við látum lesendum eftir að skipa þeim í rétta hópa.

Þegar neðar dró á jöklinum var komin



Ragnar og Rögnvaldur handsala hér söluna á buffinu góða.

þoka sem lá yfir víkum og fjörðum á Ströndum, en Þröstur leiddi okkur öruggum höndum niður og beint í Reykjafjörðinn. Þægilegt var að skíða niður aflíðandi hlíðar eftir að hafa gengið upp fyrri hluta dagsins. Þegar um 8 km voru eftir var orðið snjólaust og voru skíðin því tekin af sér og skipt yfir í gönguskó.

Höfðinglegar móttökur voru í Reykjafirði þar sem Erla, systir Þrastar, tók á móti okkur og leiddi okkur beint í sundlaugina. Þvílík dásemd að komast í heita laugina eftir langan en ánægjulegan dag. Við vorum komin seint í hús þennan fyrsta dag, en það vildi svo til að fleiri gestir voru mættir í Reykjafjörð og því byrjað að kynda upp húsið. Það var óneitanlega notalegt að skríða ofan í poka eftir dásamlegan dag á skíðum og sleppa við að tjalda.

**SUNNUDAGURINN 8. JÚNÍ**

Að morgunmat loknum var farið að kynna sér umhverfið í Reykjafirði. Skoðuð voru mannvirki og bátar ásamt því sem sögur úr firðinum voru sagðar. Ragnar í Reykjafirði var heimsóttur en hann er föðurbróðir Þrastar fararstjóra og einn dyggasti íbúi fjarðarins. Eftir göngutúrinn mætti Erla í hús með fullan disk af pönnukökum sem hurfu fljótt ofan í mannskapinn. Eftir nokkrar bollalengingar um hvernig dagurinn skyldi notaður var niðurstaðan sú að



# OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA Í ÍSAFJARÐARBÆ

**SUNDHÖLL ÍSAFJARÐAR**

**Mán-fös:** 07.00-08.00 og 18.00-21.00
**Lau-sun:** 10.00-17.00

**SUÐUREYRARLAUG**

**Þri, mið, fim:** 16.00-19.00
**Lau, sun:** 10.00-15.00
**Mán:** Lokað

**FLATEYRARLAUG**

**Þri, mið, fim:** 13.00-19.00
**Lau, sun:** 13.00-16.00
**Mán og fös:** Lokað

**ÞINGEYRARLAUG**

**Mán-fim:** 08.00-10.00 og 17.00-20.00
**Fös:** 08.00-10.00
**Lau:** Lokað
**Sun:** 10.00-16.00

## PÁSKAOPNUN

| DAGSETNING | ÍSAFJÖRÐUR | SUÐUREYRI | FLATEYRI | ÞINGEYRI |
|---|---|---|---|---|
| Skírdagur | 10.00-18.00 | 13.00-19.00 | 13.00-19.00 | 10.00-16.00 |
| Föstudagurinn langi | 10.00-18.00 | 13.00-19.00 | 13.00-19.00 | 10.00-16.00 |
| Laugardagur | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | 13.00-19.00 | 10.00-16.00 |
| Páskadagur | 10.00-15.00 | 10.00-16.00 | 11.00-16.00 | 10.00-16.00 |
| Annar í páskum | 10.00-15.00 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10.00-16.00 |

## ÁRSKORTIN ERU LANGHAGSTÆÐUST.

EINUNGIS 16.000 FYRIR FULLORÐNA, 3.000 FYRIR BÖRN, ALDRAÐA OG ÖRYRKJA.



Fræknir ferðalangar, frá vinstri: Þröstur Jóhannesson, Jóhann Bæring Gunnarsson, Sædís Jónatansdóttir, Jóhanna Oddsdóttir, Ragnar „Strandamaður" Bragason, Stefán Snær Ragnarsson, Rögnvaldur Óskarsson, Kristín Ósk Jónasdóttir, Haukur Bergsteinsson og Pétur Hafnfirðingur.

hluti hópsins vildi njóta dagsins í Reykjafirði en hinir drifu sig því í göngutúr um næsta nágrenni Reykjafjarðar. Gengið var út Reykjafjörðinn og fyrir nesið og yfir í Þaralátursfjörð þar sem við okkur blasti hin tignarlega Kanna. Ragnar frá Heydalsá sá um fræða okkur hin um tófur og grenjavinnslu enda var mikið líf á þessum slóðum. Við sáum tvær tófur og nokkur greni á leiðinni sem við hefðum örugglega ekki séð nema af því að Strandamaðurinn benti okkur á þau. Selir voru jafnframt forvitnir um göngu okkar og fylgdust með okkur úr öruggri fjarlægð. Í þessum göngutúr fengum við að njóta alls þess besta sem svæðið hefur upp á að bjóða. Dýralíf í blóma og plöntur að gægjast upp en ekki síst vegna þess að við vorum fyrsti hópurinn þetta árið og nutum þeirra forréttinda að vera nánast ein á svæðinu.

Þegar við vorum hálfnuð á leið okkar um Þaralátursfjörð birtist Þröstur valhoppandi niður úr klettum. Hann gat ekki unnt okkur þess að vera einum í þessum dásamlega göngutúr og hljóp því yfir fjall til að hitta okkur á ný og njóta þessarar dásamlegu fegurðar. Úr Þaralátursfirði var svo gengið yfir haft yfir í Reykjafjörð.

Sundlaugin kom aftur sterk inn og nutum við þess að liggja í henni fram að kvöldmat. Þvílík dásemd sem það er að það skuli vera sundlaug á stað sem þessum. Heita vatnið lék um okkur og létum við ekki grænan gróður laugarinnar trufla okkur hið minnsta. Þar sem við vorum fyrsti hópur þessarar vertíðar og komum nánast á sama tíma og landeigendurnir, þá hafði eingöngu gefist tími til að þrífa heita pottinn en ekki sundlaugina. Um kvöldið var grillveisla en svo heppilega vildi til að ferð gafst norður með kost og því hægt að leyfa sér smá lúxus í sveitinni.

### MÁNUDAGURINN 9. JÚNÍ

Komið var að því að kveðja Reykjafjörð. Lagt var af stað í súld og gengið upp á jökulinn í svarta þoku. Hópurinn mátti halda þétt saman til að týna ekki hvert öðru. Það er einmanalegt að ganga í þoku og að vita í raun ekkert hvert verið er að fara en setja traust sitt á GPS tæki Þrastar. Útsýni er ekkert, hljóð dempast og allt verður rólegra, veruleikinn er hvítur og einu litirnir sem sjást eru skrautlega samferðafólkið okkar. Fyrsti viðkomustaður voru Hljóðaklettar. Þessir stóru klettar voru huldir þoku og merkilegt hversu nálægt þeim við vorum komin þegar við áttuðum okkur á þeim. Þeir risu upp nánast fyrir framan nefið á okkur, tugir metra að hæð. Allir höfðu velt fyrir sér hvort eitthvað væri framundan, en þorðu ekki að segja neitt, þar sem þeir voru ekki vissir hvort þetta væri raunveruleiki eða eitthvað annað enda höfðu umræðurnar á leiðinni snúist um hvað leyndist í þokunni.

Áfram héldum við án útsýnis og nú var það Rögnvaldur sem fylgdist vel með hækkunum í GPS tæki sínu og sagði okkur reglulega í hvað hæð við værum og í hvaða hæð hann gerði ráð að þokunni myndi létta. Þrátt fyrir fögur fyrirheit Rögnvaldar sáum við ekki sólina fyrr en farið var að nálgast Ísafjarðardjúp. Þá birti snögglega og varð heiðskírt og sólríkt um leið. Allt varð léttara og skíðuðum við niður jökulinn og nutum þess til fulls og útsýnisins í leiðinni.

Dásamlegar skíðabrekkur biðu okkar í sól og blíðu, þar til komið var að brúnum Kaldalóns, en þá tók við nokkuð mikill hliðarhalli sem reyndi á skíðafærni og kjark þátttakenda. Þessir djörfu létu sig hafa það að renna sér niður og gleðin yfir því að komast á lífi niður eftir mikla manndómsvígslu var einlæg. Aðrir tóku af sér skíðin og gengu síðustu kílómetrana.

Sædís og Jóhann Bæring lumuðu á kampavínsflösku og var hún opnuð þegar niður að bílunum var komið og skálað fyrir vel heppnaði ferð. Hér þurftum við að kveðja samferðafólkið okkar og þakka þeim fyrir góða ferð. Ekki síst viljum við þakka Þresti fyrir fararstjórnina og móttökurnar í Reykjafirði. Endurnærður hópur hélt sæll heim á leið.

Það er samdóma álit okkar að ferðin hafi í alla staði staðið undir væntingum. Öll langar okkur til að fara aftur og hvetjum við alla sem eru að velta þessu fyrir sér að nýta tækifærið í sumar og skrá sig í ferðina 12. – 14. júní.

*Jóhanna Oddsdóttir, Kristín Ósk Jónasdóttir, Jóhann Bæring Gunnarsson og Sædís Jónatansdóttir.*



Hópurinn varð að ganga þétt saman þegar þokan skall á.

**Bolungarvík**
bolungarvik.is




## OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

Skírdag, föstudaginn langa, laugardag fyrir páska, páskadag og annan í páskum

**Frá kl. 10.00 til kl. 18.00**

**Alltaf heitt á könnunni**

Sauna er einnig opið þessa daga fyrir gesti í sundlaug, nema laugardaginn fyrir páska þá er Sauna opið sérstaklega fyrir konur frá 13.00-15.30 og fyrir karla frá 15.30-18.00.

| OPIÐ | SUMAR | VETUR |
|---|---|---|
| mán. - fös. | 07 - 21 | 07 - 09 og 16 - 21 |
| lau. - sun | 10 - 18 | 10 - 18 |

Íþróttamiðstöðin Árbær 456 7381

## *Páskaleikur á Náttúrugripasafninu*

**Lifandi páskaungar og þrautaleikur fyrir börn frá 0 - 14 ára.**
**Verðlaun fyrir þá sem klára.**
**Opið frá 13:00-17:00.**
**– miðvikudag 1. apríl, skírdag 2. apríl og laugardag 4. apríl –**

# STEVEN GROMOTKA

þjálfari SFÍ tekinn tali

**Nú í haust** var Bandaríkjamðurinn Steven Gromotka ráðinn til Skíðafélags Ísfirðinga sem yfirþjálfari skíðagönguliðsins. Steven er ástríðufullur þjálfari sem hefur ekki látið lægðagang vetrarins trufla sig. Hann tekst á við íslenska skafrenninginn með bros á vör og oft hefur mátt sjá krakkana í hópnum hans á æfingum í kafaldsbyl og kulda. Ef skíðasvæðið er lokað vegna veðurs þá finna þau sér bara aðra staði til að æfa á. Jakob Daníelsson, einn af hinum veðurbörðu krökkum í skíðagönguliðinu, hitti Steven á milli élja og fékk hann til að svara nokkrum spurningum:




### HVENÆR FLUTTIR ÞÚ TIL ÍSLANDS?
Ég flutti hingað í nóvember 2014. Það var stórt skerf fyrir mig, en var algerlega rétt ákvörðun. Hér líður mér eins og heima hjá mér.

### HVERS VEGNA FLUTTIR ÞÚ TIL ÍSLANDS?
Ég flutti til Íslands til þess að gerast skíðagönguþjálfari hjá Skíðafélagi Ísfirðinga. Ég bjó í Bandaríkjunum með unnustu minni, Heklu, sem er frá Íslandi. Þegar ég fékk þetta tækifæri upp í hendurnar, að flytja til Íslands og fá laun fyrir að þjálfa skíðalið, þá þótti mér það of gott til að geta verið satt.

### HVERNIG LÍKAR ÞÉR AÐ BÚA Á ÍSAFIRÐI?
Ísafjörður er frábær. Fólkið er mjög almennilegt og bærinn er akkúrat af réttri stærð fyrir mig. Ég trúi því varla enn að ég skuli vera svo heppinn að fá að búa hérna.

### HVENÆR BYRJAÐIR ÞÚ AÐ STUNDA SKÍÐI?
Ég byrjaði mjög ungur, kannski 6 eða 7 ára, en hataði það. Mér var alltaf kalt og þetta var ekkert skemmtilegt. Ég fór ekki að njóta þess að vera á skíðum fyrr en í kringum 12 ára aldurinn. Skíðin hafa skipað stóran sess í lífi mínu síðan.

### HVERNIG LÍKAR ÞÉR AÐ VERA ÞJÁLFARI?
Mér finnst það frábært, draumur sem hefur ræst. Mig hefur alltaf langað að verða skíðaþjálfari. Þetta er oft mikil vinna, en líka mjög skemmtilegt. Það er frábært að fylgjast með því hvernig öllum fer fram eftir því sem líður á veturinn.

### HVAÐ FINNST ÞÉR BEST VIÐ ÍSLAND?
Það er nú ýmislegt. Það stórkostlegasta myndi ég þó segja að væri náttúran. Hver einasti dagur er ævintýri. Ef veðrið er gott geturðu farið út og séð hluti sem þú getur hvergi séð annars staðar í veröldinni. Og það er alveg jafn spennandi þegar veðrið er ekki gott. Ég hef aldrei séð jafn fjölbreytilegt veður á einum degi. Mér finnst líka gaman að því hvað Íslendingar eru duglegir að stunda æfingar. Þeir fara mikið út og hreyfa sig, sem mér finnst frábært. Svo má ekki gleyma íslensku pylsunum, þær eru stórkostlegar.








# ÓLYMPÍUHÁTÍÐ EVRÓPUÆSKUNNAR

## 25. - 31. JANÚAR 2015

EYOF 2015 | VORARLBERG & LIECHTENSTEIN

**Í desember** var haft samband við okkur þar sem okkur var sagt að við kæmum til greina sem keppendur fyrir hönd Íslands á vetrarhátíðina. Ég var að sjálfsögðu mjög ánægður með að fá þetta tækifæri og spenntur fyrir ferðalaginu. Á meðan ég var heima í jólafríi kíkti ég í heimsókn á skrifstofu ÍSÍ (Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands) þar sem ég hitti fararstjórann okkar og mátaði klæðnað fyrir mótið.

Hópurinn á Íslandi mætti á einhverja undirbúningsfundi, sem ég mætti ekki á því ég flaug frá Svíþjóð og hitti hópinn í Lichtenstein. Við vorum tveir að koma frá Ísafirði, ég og Dagur Benediktsson, en við höfum æft saman skíði í þónokkur ár. Ég þekkti hina krakkana ekki en hafði hitt þau einhvern tíma áður á skíðamótum. Við vorum átta í heildina, fimm alpagreinakrakkar, við Dagur á gönguskíðum og ein stelpa á listskautum.

Ég byrjaði á að fara frá Österstund til Stokkhólms, þaðan sem ég var samferða sænska hópnum frá Stokkhólmi til Sviss. Þegar við komum




Ísfirskt selfie: Albert, Steven og Dagur.

til Sviss þá fór ég, samkvæmt fyrirmælum, í aðra rútu en sænsku krakkarnir, sem ég hefði nú heldur betur ekki gert því rútubílstjórinn virtist ekki vita hvar hótelið mitt var. Eftir fjögurra klukkutíma rúnt í leit að hótelinu hitti ég loksins íslenska hópinn. Seinna um daginn komst ég svo að því sænski hópurinn væri í næsta húsi.

Það var mjög fallegt í Schruns. Hótelið okkar var í Schruns, en skíðabrautin þar

við kepptum er á stað sem heitir Steg, í eins og hálfs tíma keyrslu frá hótelinu og er í um 1500 metra hæð. Umhverfið er frekar ólíkt því sem ég er vanur á Ísafirði. Seljalandsdalurinn er fagur og maður sér einhvern veginn allt í kringum sig, en dalurinn sem við kepptum í var bæði mjög hátt uppi og þröngur, þannig við sáum lítið annað nema bara fjöllin. Gönguskíðabyggðin var sérbyggð fyrir vetrarhátíðina.

Við höfðum sunnudaginn til æfinga og undirbúnings, svo kepptum við Dagur í hefðbundnu á mánudegi, í skauti á miðvikudegi og í sprettgöngu á fimmtudeginum. Á milli keppna vorum við bara að tjilla og skoða okkur um í Schruns. Á kvöldin kiktum við svo á verðlaunaafhendingar eða á skemmtanir sem voru haldnar fyrir þátttakendur á mótinu.

Á föstudeginum slöppuðum við af, kíktum á svigskíði og kíktum á úrslitaleik í íshokkí. Þar voru Rússland og Tékkland að keppa um gullið. Sá leikur var mjög hraður og spennandi



Íslensku keppendurnir og fylgdarmenn. Frá vinstri: Örvar Ólafsson, John Detter Kauffman, Mundína Ásdís Kristinsdóttir, Kristinn Magnússon, Steven Patrik Gromatka, Albert Jónsson, Dagur Benediktsson, Arnar Birkir Dansson, Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, Arna Hilmarsdóttir, Kristín Valdís Örnólfsdóttir, Andrea Björk Birkisdóttir, María Eva Eyjólfsdóttir og Líney R. Halldórsdóttir.



Verið að athuga færið og spá í hvaða áburður er bestur.

þar sem tvö sterkustu ungmennalið í Evrípu kepptust. Það var mikið um brot og rétt fyrir lok leiksins hófust slagsmál milli leikmanna sem höfðu rekist eitthvað saman fyrr í leiknum en svo sauð upp úr þegar ljóst var að Rússland ynni leikinn 2-5.

Það sem stendur þó upp úr ferðinni er eiginlega setningarathöfnin. Það var gaman að ganga inn á leikvanginn þar sem allir voru samankomnir til að fylgjast með hátíðinni og keppninni. Svolítið magnað að upplifa að ganga inn á svona leikvang og allir fagna manni. Allt er miklu formlegra heldur en heima, sem var ákveðinn stemmari.

Það var skemmtilegt að upplifa þessa hátíð og mikil reynsla. Það er reynsla í því að fá að keppa við jafnaldra manns frá öllum hornum Evrópu sem eru að æfa eins og maður sjálfur. Þetta er hvatning fyrir mann sjálfan og svo þá sem koma á eftir manni. Áhuginn kemur og fer, eins og með allt svona, svo það að fá tækifæri til að taka þátt í svona stóru alþjóðlegu móti á meðan áhuginn er fyrir hendi skiptir miklu máli. Það sem mér finnst eiginlega skemmtilegast í þessu er að geta kannski verið fyrirmynd og hvatt krakka sem eru yngri en maður sjálfur en eru að feta sömu slóð. Þetta er hvatning fyrir þá sem eru yngri, þarna sjá þau að þau eiga tækifæri á því að fara sjálf á svona mót haldi þau áfram á skíðunum.

*Albert Jónsson og Dagur Benediktsson.*




Allir keppendur hressir í hrúgu á lokahátið. Albert Jónsson, Dagur Bendiktsson, Arnar Birkir Dansson, Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, Elísa Arna Hilmarsdóttir, Kristín Valdís Örnólfsdóttir, Andrea Björk Brikisdóttir, María Eva Eyólfsdóttir.

JAKOB
VALGEIR EHF.




# Oddur Pétursson

## Ólympíufarinn frá Grænagarði

**Það eru líklega fáir sem geta tengt líf sitt jafn mikið snjónum og Oddur Pétursson frá Grænagarði í Skutulsfirði. Hann hefur um áratugaskeið verið virkur í skíðalífinu hér á svæðinu. Á árum áður keppti hann í skíðagöngu á tvennum Ólympíuleikum, í Osló árið 1952 og í Cortina d'Ampezzo árið 1956. Þegar Oddur hætti keppni tók hann þátt í uppbyggingarstarfi skíðaíþróttarinnar á Ísafirði. Snjórinn var þó ekki eingöngu áhugamál hjá honum, því hann gegndi starfi snjóathuganamanns í Skutulsfirði og Hnífsdal í næstum aldarfjórðung, frá árinu 1984 til 2006, þegar hann lét af störfum 73 ára að aldri.**

„Ég er fæddur á Brautarholti í Skutulsfirði árið 1931. Foreldrar mínir voru Pétur Tryggvi Pétursson og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir (Berta). Þau byggðu Brautarholt árið 1928, sem þá var nýbýli úr landi Hafrafells. Árið 1938 fluttum við að Gænagarði og ólumst við systkinin þar upp.“ Oddur byrjaði snemma að stunda skíðin, en þau Pétur Tryggvi og Berta hvöttu börn sín til að stunda útiveru. „Faðir minn var sjómaður, en hann fór að vinna við netagerð í landi um þrítugt. Hann hóf þá skíðaiðkun og tók þátt í skíðamótum innan héraðs. Hann tók meðal annars þátt í öðru Fossavatnshlaupinu árið 1936, en hann var kominn á níræðisaldur þegar hann tók síðast þátt í því,“ segir Oddur. „Foreldrar okkar fóru með okkur á skíði og hvöttu okkur til útiveru. Þau sáu því til þess að við ættum góð skíði eftir því sem þá tíðkaðist. Skíðabúnaðurinn var í fyrstu furuskíði, og bindingar voru leðuról sem fest var á skíðið og tánni stungið undir og leðuról aftur fyrir hælinn. Stundum var ég á stígvélum á skíðunum og kom fyrir að ég stakkst á hausinn og fæturnir runnu upp úr stígvélunum sem urðu eftir á skíðunum,“ segir Oddur og hlær við. „Með aldrinum fengum við betri búnað, en það voru bindingar með tájárni og ól afturfyrir hælinn sem hægt var að herða með smellu og ól yfir ristina. Þetta voru kallaðar smellubindingar og svo komu leðurklossar á fæturnar. Með bættum búnaði jókst færnin fljótt. Í fyrstu reyndu menn með sér, til dæmis hver þorði að fara hæst í Bröttuhlíðina og náði að renna lengst niður á jafnsléttu. Svo var reynt



Leiksystkinin á Grænagarði 1941. Gunnar Pétursson, Hallgrímur Njarðvík og Oddur Pétursson, neðar Unnur Pétursdóttir og Njörður Njarðvík

með sér í skíðagöngu og byggðir stökkpallar úr snjó. Fyrsta skíðagangan sem ég tók þátt í hófst á hlaðinu á Góustöðum og lá fram að Selinu sem var á móts við grjótnámið og til baka. Tíminn var tekinn á vekjaraklukku. Ég man að ég var síðastur og Gunnar bróðir næstur undan mér, en við vorum yngstir keppenda; ég sjö ára og Gunnar átta ára. Það voru Góustaðarbræður sem stóðu fyrir þessari keppni og var Guðmundur Sveinsson þar fremstur í flokki. Skíðastökkbraut var síðar byggð í Hafrafellshálsinum sem leyfði 40 metra stökk. Í kjölfarið fóru nokkrir að æfa stökk, en það varð þó ekki mikið um æfingar í þeirri grein. Pallurinn varð síðar að víkja fyrir framkvæmdum við Holtahverfið sem hófust árið 1974. Þá var einnig farið var að æfa svig. Það gekk nú misjafnlega í fyrstu enda græjurnar ekki góðar og var mikið um byltur. Það má segja að þeir sigruðu sem voru fljótastir að standa upp, en þetta breyttist fljótt með betri skíðabúnaði.“

**Íþrótta- og málfundafélagið Ármann**

Svæðið fyrir botni Skutulsfjarðar tilheyrði áður Eyrarhreppi. Ísafjarðarkaupstaður skipti Eyrarhreppi í tvennt, í Hnífsdal og fjarðarsvæðið sem náði yfir fjarðarbotninn og inn í Hafnir á Súðavíkurhlíð. Eyrarhreppur sameinaðist síðan Ísafjarðarkaupstað árið 1971. Í dölunum þremur; Engidal, Dagverðardal og Tungudal, voru þrettán býli þegar Oddur og systkini hans áttu þar heima á fjórða áratugnum. Íbúar á svæðinu voru oft nefndir fjarðarbúar til aðgreiningar og var þar ýmis félagsstarfsemi fyrir íbúa fjarðarins. Í firðinum starfaði meðal annars Málfundafundafélagið Ármann sem var stofnað árið 1915. „Þegar áhugi á skíðaíþróttum jókst meðal félagsmanna var nafni þess breytt í Íþrótta- og málfundafélagið Ármann. Félagið hélt fjölmargar samkomur; jólatrésskemmtanir, dansleiki og málfundi, sem fóru fram í skólanum að Brautarholti. Á fundunum voru ýmis hagsmunamál fjarðarbúa rædd. Þá voru haldnir sérstakir málfundir þar sem ýmis málefni voru tekin til umræðu. Málfundirnir fóru þannig fram að valinn var framsögumaður sem flutti framsögu um það efni sem átti að ræða. Til dæmis að lesið var úr nýútkomnum bókum, meðal annars eftir Laxnes eða Hagalín og allskonar annað efni. Kappræður voru haldnar um fyrirfram valið umræðuefni. Skipaðir voru hópar sem voru með og á móti. Þá var dómnefnd sem dæmdi um hvor hópurinn stóð sig betur í málflutningi sínum. Umræður voru oft mjög skemmtilegar og þarna stigu margir félagar í fyrsta sinn í ræðustól,“ segir Oddur. „Aðalforkólfarnir í skíðaiðkun í Ármanni voru bræðurnir Sigurjón og Bjarni Halldórssynir í Tungu, Guðmundur Sveinsson á Góustöðum og Pétur Tr. Pétursson á Grænagarði. Sigurjón var formaður félagsins í tugi ára og pabbi gjaldkeri í 25 ár. Ármann hélt árlega innanfélagsmót þar sem keppt var í göngu, svigi, stökki og bruni í öllum aldursflokkum. Ég man að það var ávallt vel staðið að þessum keppnum. Farið eftir öllum reglum um aldur og flokkaskiptingu sem voru í gildi þá. Sömuleiðis voru öll stig reiknuð og úrslit handskrifuð. Tíminn var tekinn á skeiðklukku með 1/10 nákvæmni. Í Tungu var einskonar skíðamiðstöð meðan Tungubræðra naut við þar. Eftir skíðakeppnir var þátttakendum oft boðið í til veislu í Tungu og þar fóru fram miklar umræður um hvernig færi menn höfðu haft og keppnin rædd frá ýmsum hliðum.“

Þrátt fyrir að hafa flutt úr firðinum og á Grænagarð árið 1938, þá kepptu þeir bræður, Oddur og Gunnar, ávallt fyrir Ármann. „Fyrst eftir að við fluttum á Grænagarð fór ég einnig áfram í barnaskólann í firðinum, en fór svo yfir í barnaskólann í bænum árið 1942. Það var heilmikil breyting  enda bara einn kennari í firðinum. Þar var einnig aðeins ein kennslustofa og sátu byrjendur og lengra komnir saman í tímum. Ég man að fyrsta einkunnin sem ég fékk í barnaskólanum í firðinum var 0,2 í reikningi en þá var ég 6 ára. Það var óvenju ungt á þeim tíma, en við systkinin byrjuðum fyrr í skólanum, enda áttum við heima þarna við hliðina.“

**Fyrsta skíðalandsmótið**

Oddur keppti á sínu fyrsta landsmóti fyrir Skíðaráð Ísafjarðar árið 1948, þá 17 ára gamall. Það ár var mótið haldið á Akureyri. „Þetta var þá töluvert öðruvísi en í dag, flokkaskipt í öllum greinum. Í svigi voru a-, b- og c-flokkur og ég man að ég var annar í c-flokki í svigi. Ég man ekki alveg hvernig mér gekk í göngunni, en við Gunnar bróðir kepptum bæði í svigi og göngu. Pabbi var þarna með okkur, en hann fór með okkur á mótið til aðstoðar. Þessi ferð er mér annars fyrir margt mjög minnisstæð. Við fórum með Catalina flugbáti héðan frá Ísafirði til Akureyrar í mjög góðu veðri á Pálmasunnudag. Akureyrarpollur var eins og spegill þegar við lentum þar. Ég man það var mjög snjólétt þessa páska, en við stoppuðum þarna í viku. Það lá vegur að Ásgarði sem var skíðaskáli ofan við Glerána. Þaðan gengum við upp í Hlíðarfjall. Það var mjög gott veður á meðan á mótinu stóð, en þegar átti að fara heim laskaðist flugvélin sem var að sækja okkur í ís á Siglufirði og var flogið án farþega suður til Reykjavíkur. Ekki var útlit fyrir að flugvélin yrði flugfær í bráð og engar skipsferðir voru væntanlegar. Mönnum lá náttúrulega á að komast heim í vinnuna, en ég var þá að ljúka við gagnfræðaskólann og prófin áttu að

hefjast viku eftir páska. Þá fréttist af skipi sem var á leið til Ísafjarðar frá Reykjavík og átti að fara næsta dag. Það var Goðafoss, sem þá var nýtt skip sem Eimskip hafði keypt til landsins. Við skelltum okkur í leigubíla seinni hluta dags og lögðum í hann suður til Reykjavíkur. Við lentum í leiðinda þæfingi á leiðinni, þurftum að gista á Blönduósi um nóttina, og rétt náðum svo í skipið áður en það lagði í hann um kvöldið. Við fengum pláss framundir hvalbak í póstklefa þar sem geyma átti pakka og bréf. Þarna voru ekki kojur heldur bara hillur sem við gátum legið í. Það var dálítið frost svo að skipshliðin var öll héluð þannig að þetta var heldur kuldaleg vist. Við komum svo í höfn á Patreksfirði að morgni. Þegar við komum þangað þá var þar móttökuathöfn, þar sem skipið var sýnt í fleiri klukkutíma. Við komum því næst til Þingeyrar snemma daginn eftir, en þar átti einnig að vera móttökuathöfn og voru samskonar athafnir fyrirhugaðar á Flateyri og Súgandafirði. Þá var okkur nóg boðið og þar sem veðrið var gott og okkur lá á að komast heim, tókum við fjórir úr hópnum Arnór Stígsson, Sigurður Jónsson (Búbbi), pabbi og ég það til ráðs að fá lánaða skektu sem við rérum yfir Dýrafjörðinn. Þaðan gengum við svo á skíðum eins og leið liggur yfir Gemlufallsheiði og Breiðadalsheiði. Við náðum heim um kvöldið á Ísafjörð eftir rúmlega tveggja vikna keppnisferð. Ég hafði þá einn dag í prófið sem ég tók og náði sæmilegri einkunn. Ef ég man rétt fékk ég eitthvað yfir sjö," segir Oddur brosandi. „Þetta var auðvitað bara fyrsta ferðin af mörgum. Við fórum síðar með allskonar farartækjum á landsmót, allt eftir því hvar mótið var haldið. Það var oft erfitt að komast á þessi mót, það voru ævintýri út af fyrir sig og skemmtileg yfirleitt."

### Seljalandsdalur

Áhugi á iðkun skíðaíþrótta fór vaxandi á Ísafirði um og eftir 1928. Þá tóku sig saman nokkrir áhugamenn á Ísafirði og byggðu lítinn skála á Seljalandsdal. Það var fyrsti skíðaskálinn, en hann brann



Nemendur í skíðaskólanum á Seljalandsdal 1948-1949

árið 1930. Árið 1931 byggðu sömu aðilar aðeins stærri skála á sama stað og nefndu hann Skíðheima. Skíðafélag Ísafjarðar var svo stofnað árið 1934. Á vegum þess voru fengnir skíðakennarar frá Noregi og Svíþjóð sem héldu skíðanámskeið fyrir almenning. Veturinn 1939-40 byggði félagið stærri skála sem stóð framar en gamli skálinn, en sá skáli fór í snjóflóði árið 1953. „Skíðaskólinn á Seljalandsdal var stofnaður af Skíðafélaginu árið 1943 og var starfræktur á hverju ári í febrúar og mars. Kennari var Guðmundur Hallgrímsson frá Grafargili í Valþjófsdal. Hann hafði lært skíðakennslu í Svíþjóð. Guðmundur var skólastjóri til ársins 1953, en skólinn var þá ekki starfræktur vegna of lítillar þátttöku. Það vildi þó til happs því eins og ég nefndi þá fór skálinn í snjóflóði þann 29. mars 1953, það var mikið lán að enginn var í skálanum þegar flóðið féll," segir Oddur. „Ég var í skólanum veturinn 1949 og tók þar kennarapróf. Skíðalandsmótið var haldið á Kolviðahóli það ár. Ég keppti þar í göngu, svigi og boðgöngu sem þá var ný grein sem ekki hafði verið keppt í á landsmóti áður. Við Ísfirðingarnir unnum boðgönguna, þó að Þingeyingar hafi fyrirfram verið taldir sigurstranglegri. Í sveitinni voru auk mín þeir Ebeneser Þórarinnsson, Gunnar Pétursson, og Sigurður Jónsson. Þetta var 4x10 km boðganga. Við héldum svo áfram og unnum boðgönguna á næstu landsmótum líka, árin 1950 og 1951."

### Ólympíuleikarnir í Osló

Oddur var valinn til þátttöku í skíðagöngu á Ólympíuleikunum í Osló árið 1952. Það var í fyrsta skipti sem Íslendingar kepptu í skíðagöngu á Ólympíuleikum. Íslendingar höfðu tekið þátt í Ólympíuleikunum í St. Moritz árið 1948. Þá voru sendir fjórir keppendur til þátttöku í alpagreinum og stökki. Þeir voru frá Akureyri, Siglufirði og Reykjavík. „Undirbúningur að þátttöku íslensku göngumannanna á Ólympíuleikunum í Osló fór þannig fram að það var fenginn norskur þjálfari til landsins, Johannes Tenmann frá Osló. Hann var hér part úr tveimur vetrum, bæði í Þingeyjarsýslum og hér á Ísafirði. Það var ákveðið að senda sex keppendur til að taka þátt í skíðagöngunni. Það voru þrír frá Ísafirði og þrír frá Þingeyingum. Frá Skíðarráði Ísafjarða voru valdir Ebenezer Þórarinsson, Gunnar Pétursson og ég. Frá Héraðsambandi Suður-Þingeyinga voru valdir Ívar Stefánsson, Jón Kristjánsson, og Matthías Kristjánsson. Það sem réði valinu var árangur manna frá síðustu keppnum og mat þjálfarans. Þessi sex manna hópur fór svo út í janúar árið 1952. Við dvöldum við þjálfun í skíðaskála sem heitir Turnhytta, í Nordmarka í nágrenni Oslóar. Við dvöldum þar fram að Ólympíuleikunum, en þá fluttum við í keppendaíbúðir í Ullevål. Það var mikið ævintýri að fara á Ólympíuleikana, en við höfðum aldrei farið til útlanda áður og ekki mikið um það að ungt fólk færi til



Þátttakendur Íslands í skíðagöngu á Ólympíuleikunum í Osló 1952. Fv. Gunnar Pétursson, Oddur Pétursson og Ebenezer Þórarinsson frá Ísafirði, Matthías Kristjánsson, Jón Kristjánsson og Ívar Stefánsson frá HSÞ og Jhos Tenmann þjálfari.

útlanda á þessum tíma. Það fór vel á með okkur á Turnhytta. Ívar Stefánsson var með harmonikkuna sína og lífgaði það mjög upp á tilveruna. Einhvern veginn fréttu svo íslenskar og norskar hjúkrunarkonur sem unnu á Ullevål sjúkrahúsinu af okkur. Ég man að okkur var boðið á tónleika í norska þjóðleikhúsinu á Nordal Grieg tónleika sem voru áhrifamiklir. Setning leikanna fór svo fram á Bislet station. Það var hátíðleg og áhrifarík athöfn dálítið frábrugðin því sem nú tíðskast," segir Oddur, en það gekk ekki jafn vel í keppninni sjálfri. „Ég tók þátt í 18 km göngunni. Þegar ég hafði gengið um 13 km varð ég fyrir því óhappi að keppandi sem var á undan mér hafði fallið í beygju neðan við bratta brekku. Ég var á á mikilli ferð þegar ég sá hann, liggjandi þversum í brautinni. Þarna var mjög þröngt aðeins troðinn einn og hálfur metri. Til að forðast að lenda á honum varð ég fara út úr brautinni og lenti þá í tjágróðri. Þar fékk ég högg á hægri mjöðmina og datt út í kjarrið. Mér tókst að standa upp en fann fyrir sárum verk eftir höggið. Mér tókst að ljúka göngunni, en varð aftarlega þar sem ég hafði tafist um margar mínútur við þetta óhapp. Ég gat ekki tekið þátt í boðgöngunni vegna verkja í mjöðinni. Félögum mínum gekk betur og var Gunnar bróðir með besta tímann af okkur í 18 km göngunni."

### Með Jusse Björling í Svíþjóð

Þetta áttu þó ekki eftir að vera síðustu kynni Odds af Norðurlöndunum, en árið 1953 hélt hann til Svíþjóðar og dvaldi í þrjá mánuði í Vålådalen sem er í Jemtlandsléni í norður-Svíþjóð. „Tildrögin að því voru þau að ég hafði sent Gösta Olander, einum þekktasta íþróttaþjálfara Svíþjóðar, bréf um sumarið og spurt um möguleika á að dvelja í Vålådalen næsta vetur. Svar frá honum kom strax. Ég gæti komið í nóvember og verið fram að heimsmeistaramótinu í Falun í febrúar, mér að kostnaðarlausu." Aðstaðan í Vålådalen var byggð upp á þriðja og fjórða áratugnum af Olander. Staðurinn varð strax eftirsóttur staður til þjálfunar og þar hafa frægustu íþróttamenn Svía dvalið árlega við æfingar. „Þarna voru margir bestu skíðamenn Svía þegar ég dvaldi þar. Þegar ég kom til Vålådalen var mér sagt að Olander væri við skautabrautina sem var rétt hjá hótelinu. Olander tók vel á móti mér. Hann sagði að þeir væru að reyna að taka í notkun nýja vatnsdælu til að dæla á svellið, en ekki hefði tekist fá hana í gang. Þetta var færanleg vatnsdæla drifin með sambyggðri Albin bensínvél. Með honum voru tveir aðstoðarmenn sem höfðu reynt allt sem þeir gátu og töldu þeir að dælan væri hreinlega gölluð. Ég spurði þá hvort ég mætti reyna við vélina. Ég hafði fengist við vélar allt frá því ég var 13 ára með Sveini Guðmundssyni bónda á Góustöðum á skaki á trillu sem var með óþekka bensínvél. Ég beitti þeirri þekkingu sem ég hafði og vélin rauk í gang við mikinn fögnuð viðstaddra. Ég held að þetta atvik hafi orðið til þess að Olander lét mig búa á hótelinu sjálfu og sitja til borðs með honum og gestum hans meðan ég dvaldi þarna. Annars bjuggu íþróttamennirnir og aðstoðarmennirnir í öðrum húsum. Ég þurfti lítið að vinna, en Olander átti Benz sportbíl sem ég leit eftir, setti í gang og fór smá rúnt á honum. Hann notaði bílinn þó lítið meðan ég var þarna. Ég hafði góðan tíma til þjálfunar og var aðstaðan mjög góð. Þar að auki fékk ég að æfa með sænsku skíðamönnunum. Mora-Nisse var þar um tíma og hélt fyrirlestur um skíðaþjálfun og sagði frá sinni reynslu. Þegar líða fór að jólum fóru íþóttamenninir heim til sín en í staðinn kom fólk sem ætlaði að vera um hátíðarnar. Þetta voru leikarar, rithöfundar, menningarfrömuðir, forstjórar og fleiri sem dvöldu fram yfir áramótin með fjölskyldum sínum. Hinn frægi óperusöngari Jusse Björling dvaldi þarna um jól og áramót og söng fyrir gestina. Það var stórkostlegt að hlusta á hann syngja þarna nokkrar af sínum frægustu aríum. Um jólin var ég annars í því að sýna gestum hvar göngubrautirnar væru, bera undir skíði og aðstoða við ýmislegt varðandi skíðabúnaðinn. Einn daginn var ég beðinn að fara með Jussi Björling í gönguferð. Hann sagði mér þá að hann hefði komið til Íslands og haldið konserta þar. Hann lét vel af þeirri dvöl sinni," segir Oddur. „Í janúar var mikill kuldakafli og fór frostið niður í fjörutíu stig. Ég fékk slæma flensu og þurfti að fara á sjúkrahús í Östursund í kinnholuaðgerð. Þegar kom að HM í Falun var ég ekki búin að jafna mig alveg eftir þessi veikindi, en ég keppti þar í 18 km göngu. Þegar heim kom keppti ég svo á landsmótinu, en það árið (1954) var það tvískipt. Norrænu greinarnar voru á Siglufirði og alpagreinarnar á vegum Skíðaráðs Reykjavíkur. Á Siglufirði keppti ég í göngu. Við Ísfirðingarnir unnum boðgönguna eftir æsispennandi göngu. Ég gekk síðasta áfangann og varð 5 sekúndum á undan Finnboga Stefánssyni Þingeyingi. Ég fór síðan strax suður til Reykjavíkur að keppa í svigkeppninni þar sem við Ísfirðingar unnum sveitasvigið.

### Ólympíuleikarnir í Cortina

En þátttöku Odds á Ólympíuleikum var ekki lokið og var hann valinn til þátttöku á Ólympíuleikunum 1956 sem þá voru haldnir í Cortina d´Ampezzo á Ítalíu. „Ég þakka það æfingunum í Vålådalen veturinn á undan að ég vann 30 km gönguna á skíðalandsmótinu árið 1955. Ég var annar í 15 km göngunni á sama móti en Jón Kristjánsson var fyrstur. Sömuleiðis vann ég Fossavatnsgönguna sem var haldin á ný þá um vorið. Á miðju sumri það




Á Ólympíuleikunum í Cortina 1956.




Frá setningu Vetrarólympíuleikanna í Cortina 1956.

ár fékk ég bréf frá Skíðasambandinu um að ég hafi verið valinn til þátttöku í göngu á Ólympíuleikunum í Cortina. Meðfylgjandi var blað með æfingaskrá sem ég átti að fara eftir. Ég hafði strax samband við Skíðasambandið og fékk þær upplýsingar að Jón Kristjánsson hefði einnig verið valinn til þáttöku. Við vorum valdir vegna árangurs í keppnum veturinn á undan. Í þetta skiptið var ekki var boðið upp á neinn þjálfara. Við vorum sendir út til Osló þann 15. desember og okkur sagt að maður frá norska skíðasambandinu mundi taka á móti okkur á flugvellinum. Þannig ætti að vera búið að skipuleggja æfingar okkar í Noregi fram að Ólympíuleikum. Það fór þó svo að enginn kom að taka á móti okkur. Það var seint um kvöld svo ekki var hægt að hafa samband við neinn, en við Jón fórum þá á hótel. Morguninn eftir fórum við til fundar við norska skíðasambandið. Þar könnuðust þeir við að íslenska skíðasambandið hefði rætt við þá um sumarið, en ekki hafi verið gengið endanlega frá málinu. Þeim hafi ekki borist staðfestingar á greiðslu fyrir kostnaðinum. Því hafi þeir ekki getað gert meira í málinu. Þeir sögðu að norska landsliðið væri að fara í jólafrí en kæmi saman til æfinga og úrtökukeppna um áramót. Eftir viðræður íslenska skíðasambandsins og þess norska varð það úr að þeir buðu okkur að dvelja í Oppdal í Dofrafjöllum fram yfir jól, fara síðan til Skistua í Byåsen við Þrándheim og vera þar fram yfir áramót. Fara svo þaðan til Trollvasshytta, sem er skammt frá Holmenkollen og dvelja þar fram að Ólympíuleikunum. Ekki var þó um neinn þjálfara að ræða. Við vorum ókunnugir á þessum stöðum og stoppuðum stutt á hverjum stað, svo þjálfunin varð dálítið gloppótt. Á Trollvasshytta nýttist okkur tíminn best til þjálfunar enda þekktum við svæðið frá æfingum þar fyrir Ólympíuleikana 1952. Við héldum svo til Cortina viku fyrir leikana. Fórum frá Osló með flugi til Munchen og með lest til Cortina. Ég man að mér fannst stórkostlegt að sjá Dolómítana birtast í sól og blíðu þegar við nálguðumst Cortina," segir Oddur brosandi. „Árangur okkar Jóns á Ólympíuleikunum í Cortina var ekki góður. Þetta var þó svipaður árangur hjá okkur eins og Íslendingar hafa náð hingað til. Eftir leikana fórum við til Mílanó og Feneyja. Í Mílanó hittum við Magnús Jónsson óperusöngvara sem var þar við nám. Hann útvegaði okkur mjög góð stúkusæti í La Scala óperunni á La Traviata með Maríu Callas og Giuseppi de´Stefano í aðalhlutverkum. Það var ógleymanleg upplifun."

## Fossavatnshlaupið

Eins og líklega allir skíðagöngumenn á Ísafirði tók Oddur þátt í Fossavatnshlaupinu í fjölda ára og telur það vera besta göngumót á landinu. „Fossavatnshlaupið eða Fossavatnsgangan eins og það er nefnt núna var fyrst haldið 1935 en 1940 féll það niður vegna ónógrar þátttöku. Það var Ólafur Guðmundsson forstjóri vélsmiðjunnar Þórs h/f sem var forgöngumaður að þessari keppni árið 1935. Árið 1955 var það endurreist og með sama sniði og var áður. Gangan hófst við Fossavatnið og endamarkið var við Skíðheima á Seljalandsdal, eða um 22 km vegalengd. Árið sem hún var endurreist gaf Ólafur Guðmundsson verðlaunabikar sem var nefndur Fossavatnsbikarinn. Bikarinn vannst til eignar eftir þrjá sigra í röð í flokki 17-35 ára . Ég vann Fossavatnsgönguna árin 1955, 1956, og 1957 í flokki 17- 35 ára og þar með Fossavatnsbikarinn til eignar. Ég tók raunar þátt í flest öllum Fossavatnsgöngunum frá 1955 til 2013, og hef oftast gengið 22 km veglengdina. Allt í allt eru þetta um 50 Fossavatnsgöngur sem ég hef tekið þátt í. Skíðafélag Ísafjarðar hefur séð um Fossavatnsgönguna frá upphafi og gert það með miklum sóma.



Feðgarnir Pétur Tr. Pétursson og Oddur Pétursson í rásmarki í Fossavatnsgöngunni árið 1986.

## Í Skíðaráði og lyftunefnd

Eftir árið 1960 fór ég að draga úr æfingum og eftir 1966 keppti ég ekki á Landsmótum. Ég hélt þó áfram afskiptum af skíðaíþróttinni. Ég var formaður Skíðaráðs Ísafjarðar í sjö ár, 1959 og 1960 og svo frá 1969 til 1974. Skíðaráðið sá um að skipuleggja skíðamót, skíðalandsmótin þegar þau fóru fram hér og auðvitað að senda keppendur á landsmót. Svo voru einnig haldin alþjóðleg mót, en árið 1970 sá Skíðaráðið um landskeppni í alpagreinum milli Íslendinga og Skota. Keppnin fram á Seljalandsdal



Oddur Pétursson á fullri ferð árið 1956.

þannig að það var margt að huga að.“ Það var þó ekki aðeins móthald sem þurfti að sinna, en árið 1965 skipaði Íþróttabandalag Ísafjarðar nefnd til að vinna að byggingu skíðalyftu á Seljalandsdal. „Í nefndinni voru Guðmundur Sveinsson, Bragi Ragnarsson, Haukur Sigurðsson, ég og Sigurður Jónsson (Búbbi). Nefndin skipti með sér verkum. Guðmundur Sveinsson var formaður, Bragi Ragnarsson gjaldkeri, Oddur Pétursson ritari. Bragi Ragnarsson var aðeins stuttan tíma í nefndinni, en þá kom Gunnlaugur Jónasson og var gjaldkeri. Gunnar Pétursson tók við af Hauki þegar hann flutti til Noregs. Árið 1968 var Gullhólslyftan vígð og árið 1972 var efri lyftan vígð. Þessar tvær lyftur voru að mestu byggðar í sjálfboðavinnu. Guðmundur Sveinsson og Sigurður Jónsson voru þar í forystu að mörgum öðrum ólöstuðum,“ segir Oddur.

### Snjóflóðið í Gullhólsgili

Það að vera á skíðum uppi í fjöllum hefur það auðvitað í för með sér að ákveðin hætta er á að lenda í snjóflóðum. Oddur lenti í snjóflóði á Seljalandsdal þann 18. janúar 1953. „Við félagarnir, Haukur Sigurðsson, Jón Karl Sigurðsson, og Steinþór Jakobsson vorum að æfa okkur upp í Hrossaskál í Breiðafelli á Seljalandsdal. Við vorum reyndar að leika okkur að stökkva þarna fram úr skálinni. Þegar við höfðum fengið nóg af því þá renndum við okkur inn hlíðina að Gullhólsgilinu rétt neðan við efsta klettabeltið. Það var mikill snjór í gilinu. Haukur Sigurðsson fór fyrstur þvert yfir gilið. Ég fór næstur en þegar ég er í miðju gilinu kemur dimmur hvinur. Ég fann mikinn titring og allt fór af stað. Skipti engum togum að ég féll á bakið, fór strax á kaf og barst með flóðinu um 300 metra. Flóðið breiddi úr sér þegar það kom á hrygginn neðan við gilið. Þá kom höfuðið á mér upp úr svo ég náði að anda, en vegna þrýstings í flóðinu hafði munnur, eyru og nef á mér fyllst af snjó. Ég var frekar grunnt í flóðinu svo mér tókst að rífa mig á fætur og var með skíðin og stafina á mér og fann hvergi til. Jón Karl var aðeins kominn af stað í gilið en honum tókst að sveigja til baka upp á gilbarminn. Þeir félagar stóðu stjarfir á gilbarminum og horfðu á mig hverfa í flóðið sem stóð yfir um 3 mínútur. Við létum þetta þó ekki stöðva okkur heldur héldum bara áfram að æfa. Það lentu þó fleiri í þessu flóði. Þeir Búbbi (Sigurður Jónsson), Gunnar Pétursson, og Jón Páll Halldórsson voru á gönguskíðum skammt fyrir neðan við gilið. Jón Páll lenti í flóðinu og barst með því 60-70 metra og hlaut af því töluvert hnjask. Hann missti skíðin, stafina og gleraugun. Hann fann til eymsla í baki og handleggjum um tíma á eftir. Skíðin og stafina fann hann sumarið eftir. Gunnar og Búbbi voru fjær og sluppu naumlega. Annars er það áhugaverð tilviljun að annar Haukur Sigurðsson slapp naumlega frá snjóflóði þennan sama dag, 18. janúar síðastliðinn, 62 árum síðar undir Gleiðarhjalla.“

### Úr snjósportinu í snjóeftirlitið

Oddur var bæjarverkstjóri á Ísafirði frá árinu 1956 til 1982, en fluttist þá yfir til tæknideildar bæjarins og var þar í eftirliti og fasteignamati. Árið 1984 var sveitarfélögum falið að skrá öll snjóflóð og ofanflóð innan sinna marka. Þá var bætt við hans starf að skrá og mæla snjóflóð sem féllu í Skutulsfirði og Hnífsdal og kanna snjóalög. Oddur annaðist þetta til ársins 1996. Eftir snjóflóðin stóru í Súðavík og Flateyri 1995 var hann ráðinn til Veðurstofunnar sem eftirlitsmaður með öllu svæðinu, þ.e. Súðavík og Ísafjarðarbæ. „Árið 1991 var ég sendur af Veðurstofunni og Ísafjarðarkaupstað til Ameríku til að kynna mér vinnu í sambandi við snjórannsóknir og mat á snjóalögum. Ég var þar í um tvo mánuði, bæði í Bandaríkjunum og Kanada. Fyrst var ég í norðurhluta Washington fylkis á stað sem heitir




Við snjóathuganir í Selkirk mountains í British Columbia.

ÞRISTUR ORMSSON
Hafnarstræti 12 · Ísafirði · Sími 456-4751

ÞRYMUR HF.
– Vélsmiðja

BÍLAVERIÐ ehf

Málningarbúðin
Ísafirði
Sindragata 14 400 Ísafirði
Sími: 456 4550

TÆKNIÞJÓNUSTA
Vestfjarða

BÍLAVERKSTÆÐI SB
Bílaverkstæði SB
Hjólbarðaverkstæði SB
Sindragötu 3
S: 456 3033
400 Ísafirði.

FJARÐANET
Strandgötu 1, 740 Neskaupstað. Sími 470 0800
Veiðafæragerð og Gúmmíbátaþjónusta Ísafirði

H.V.
UMBOÐSVERSLUN

Kaupmaðurinn

Geirnaglinn ehf

KUBBUR

VÉLSMIÐJAN
ÞRISTUR

GÁMAÞJÓNUSTA
VESTFJARÐA EHF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Ametyst
Sími: 825 3306

arna

straumur
Sindragötu 12b, 400 Ísafirði • Sími 456 3321

PÓLLINN
PÓLLINN HF.

Punt
SNYRTISTOFA

Hárstofan
MARÍA

FASTEIGNASALA
VESTFJARÐA

Símaverið
Við svörum fyrir þig
450 5500
simaverid.is

GILDI
Guðrúnartúni 1
105 Reykjavík
Hafnarstræti 9
400 Ísafjörður

Inntré ehf

FRYSTIKERFI ehf

Kampi EHF
Rækjuvinnsla:
Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
Fiskvinnsla:
Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

3X TECHNOLOGY

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

Snoqualmie Pass í Klettafjöllunum þar sem ein af stóru hraðbrautunum liggja í gegn. Þaðan fór ég svo til Rogers Pass í British Columbia í Kanada. Rogers Pass er skarð í Selkirk Mountains, en Trans-Canada hraðbrautin og Trans-Canada járnbrautin liggja um skarðið. Það eru margir snjóflóða farvegir sem ógna umferð á leiðinni um skarðið. Aðaleftirlitsstöðin er niðri við hraðbrautina í miðju skarðinu. Þangað berast upplýsingar frá sjálfvirkum háfjallamælistöðum sem fylgjast með snjóalögum. Þarna eru líka mannaðar háfjallastöðvar þar sem fylgst er stöðugt með snjóalögum og snjósöfnun og gera viðvart ef snjóalög gerast hættuleg. Ég dvaldi í slíkri stöð um tíma og fékk þjálfun í að meta snjóalög og snjflóðahættu. Þegar snjósöfnun er talin varhugaverð er kallaður til kandískur herflokkur sem staðsettur er á stöðinni og sér um að skjóta niður snjó sem hætta er talin stafa af. Til að mega fylgjast með störfum þeirra varð ég að skrá mig sem sjálfboðaliði í kanadíska herinn. Það var svolítið mál en gekk nú að lokum. Þetta var fyrst og fremst gert vegna tryggingamála. Eftir þessa ferð kenndi ég snjóathugana-mönnum á Íslandi að grafa gryfjur og mæla og meta snjóalög. Árið 2004 var ákveðið  að setja á stofn Snjóflóðasetur Veðurstofu Íslands hér á Ísafirði, skömmu síðar eða árið 2006 hætti ég svo störfum sem snjóathuganamaður“

## Skíðafjölskyldan

Eiginkona Odds er Magdalena Margrét Sigurðardóttir frá Hrísdal í Miklaholtshreppi, Snæfellsnesi. Þau Lena giftu sig þann 11. desember 1955. Fyrsta barn þeirra fæddist þann 3. október sama ár. Oddur og Lena eignuðust sjö börn, og eiga nú 19 barnabörn og eiga von á fimmta



Lena og Oddur á sólríkum degi á Seljalandsdal 1955.



Albert Jónsson sem kosinn var efnilegasti íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 2014 er hér ásamt öfum sínum þeim Oddi Péturssyni og Sigurði Jónssyni árið 2005. Afarnir bera heiðursmerki fyrir að hafa tekið þátt í 40 Fossavatnsgöngum.

barnabarnabarninu nú í apríl. Þau búa að Seljalandsvegi 38 sem þau byggðu og hafa búið þar frá árinu 1963. Börn Odds og Lenu hafa öll stundað skíði og tekið þátt í skíðastarfinu. og hefur Jóhanna dóttir þeirra verið formaður Skíðafélags Ísafjarðar síðastliðin fjögur ár. Þrátt fyrir að hafa lagt skíðin á hilluna í bili þá má alltaf eiga von á að rekast á Odd upp á Seljalandsdal að tékka á snjónum og fá fréttir af færinu.







Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

BORGUN

# ÍÞRÓTTASKÓLI HSV

Íþróttaskóli Héraðssambands Vestfirðinga (HSV) byrjaði haustið 2011 og er samstarfsverkefni HSV, aðildarfélaga HSV og Ísafjarðarbæjar. Skólinn er nú á sínu fjórða starfsári og hefur reynslan af honum verið mjög góð. Íþróttaskólinn er fyrir börn í 1.-4. bekk í grunnskólum Ísafjarðarbæjar. Í skólanum er lögð áhersla á grunnþjálfun auk þess sem börnin fá leiðsögn í flestum þeim íþróttagreinum sem í boði eru á eldri stigum hjá aðildarfélögum HSV. Salome Elín Ingólfsdóttir er yfirþjálfari skólans og skipuleggur starfið ásamt því að sjá um alla grunnþjálfun og boltaskóla í 1.-2. bekk. Hún heldur einnig utan um þjálfun annarra greina í samstarfi við félögin. HSV og aðildarfélög hafa unnið að þessu verkefni í langan tíma og hefur sú vinna nú skilað góðum árangri. Ísafjarðarbær styður verkefnið og var stofnun skólans ein af grunnstoðum í nýjum samningi Ísafjarðarbæjar og HSV sem var undirritaður veturinn 2010-2011.




**Markmið Íþróttaskóla HSV eru:**

- Að fá sem allra flest börn til að iðka íþróttir
- Að fyrstu kynni barna af íþróttaiðkun séu jákvæð
- Að börn fái að kynnast sem flestum íþróttagreinum
- Að auka gæði þjálfunar
- Að lækka kostnað heimila við íþróttaiðkun barna
- Að auka grunnþjálfunarhluta æfinga, almenna hreyfingu, hreyfiþroska og hreyfigetu

Gönguskíðagarparnir Hákon Ari og Albert Marzelíus, sem hafa, ásamt hátt í 20 öðrum krökkum, æft gönguskíði af kappi í vetur.

# Gleðilega Skíðaviku

**Við höfum opið alla páskana**
**Hlakka til að sjá ykkur!**
**Hamraborg**

**HAMRABORG EHF.**
HAFNARSTRÆTI 7 • ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 3166




www.sparisjodurinn.is

SPARISJÓÐURINN
-fyrir þig og þína




## Ísafjörður

| | | |
|---|---|---|
| 2.apríl Skírdagur | 3.apríl Fös.langi | kl.10 - 20 |
| 5.apríl Páskadagur | | kl.12-20 |
| 6.apríl 2.Páskum | | kl.10-20 |

**Samkaup úrval Ísafirði**
Hafnarstræti 9-13
samkaupurval.is

## Bolungarvík

| | |
|---|---|
| 2.apríl Skírdagur | 5.apríl Páskadagur |
| 3.apríl Fös.langi | 6.apríl 2.Páskum |

**kl.13-17**

**Samkaup úrval Bolungarvík**
Vitastíg 3

Tómas Emil Guðmundsson, sjúkraþjálfari og Ásgeir Guðmundsson, íþróttafræðingur voru á síðasta ári fengnir til að gera úttekt á starfi Íþróttaskóla HSV og gefa á því faglegt álit. Niðurstaða þeirra var sú að með því að bjóða upp á margar íþróttir bæði í hóp- og einstaklingsgreinum stuðli Íþróttaskólinn að fjölbreytni sem eflir hreyfiþroska barnanna á margvíslegan hátt. Ennfremur er það álit þeirra að skipulag og uppbygging skólans séu í takti við nútímarannsóknir um hreyfingu og því besti mögulegi íþróttagrunnur barna fyrir kynþroskaskeið. Skólinn stuðlar að aukinni þátttöku í íþróttum, aukinni almennri hreyfingu og gefur með því efnilegum krökkum góðan grunn til að byggja á.

**Grunnþjálfun:** Í grunnþjálfun er áhersla lögð á hreyfingu og hreyfiþroska barna. Fjölbreyttar æfingar eru í boði. Farið er í leiki, þrautir, fimleika, hopp, hlaup, köst, auk þess sem aðrar íþróttagreinar eru kynntar. Grunnþjálfun er í boði tvisvar í viku.

**Boltaskóli:** Í boltaskólanum er önninni skipt upp í tímabil og þjálfuð ein grein í einu. Boltagreinarnar í skólanum eru knattspyrna, blak, körfuknattleikur og handknattleikur. Geta börnin því fengið að kynnast öllum þessum greinum og lært undirstöðuatriðin í þeim. Boltaskóli er í boði tvisvar í viku. Þjálfarar í boltaskóla fyrir 3.-4. bekk eru fengnir frá aðildafélögum sem koma með sérþekkingu á sinni grein og kafa dýpra í íþróttina en gert er hjá yngri krökkunum.

**Sund:** Í íþróttaskólanum er almenn sundþjálfun í boði og eru æfingar tvisvar í viku undir stjórn þjálfara Sundfélagsins Vestra.

**Skíði:** Í íþróttaskólanum er boðið upp á æfingar á svig- og gönguskíðum. Æfingarnar eru undir stjórn þjálfara Skíðafélags Ísfirðinga. Í skíðagöngu er boðið upp á æfingar 3 x í viku í klukkustund í senn. Þjálfarar eru Gunnar Bjarni Guðmundsson, Guðmundur S. Bjarnason og Hólmfríður Vala Svavarsdóttir. Í alpagreinum eru æfingar 2 x í viku og er hver æfing ein og hálf klukkustund. Þjálfarar eru Birna Jónasdóttir og Regína Sif Rúnarsdóttir. Auk þess aðstoða foreldrar gjarnan við æfingar.

Í byrjun tímabils er algengt að sumir iðkendur séu að stíga á skíði í fyrsta sinn og þurfa þá jafnframt að læra á lyfturnar í Tungudalnum. Þá eru fengnir til aðstoðar félagar í Skíðafélaginu sem leiðbeina börnunum í byrjun, þangað til þau hafa náð þeirri leikni sem þarf til að vera með hópnum á skipulögðum æfingum. Á skíðagönguæfingunum á Seljalandsdal hafa verið rúmlega 20 krakkar í vetur og á svigskíðaæfingunum í Tungudal allt að 50 krakkar. Sum börnin mæta á æfingar í báðum greinum og geta þá á síðari stigum valið hvora greinina þau vilja frekar stunda. Á skíðaæfingunum er markmiðið fyrst og fremst að hafa gaman af því að vera á skíðum. Stundum eru krakkarnir í brautum, ef færi er gott er farið í púðrið með þau sem hafa getu til. Reglulega eru gerðar þrautabrautir með stökkpöllum sem mörgum þeirra finnst það alskemmtilegasta.

Þegar íþróttaskólaæfingarnar fara fram er mikið líf í skíðasvæðunum. Margir foreldrar eru farnir að nýta tímann og skella sér á skíði á meðan börnin eru á æfingu. Þeir taka þá gjarnan yngri systkini með og koma þeim af stað í íþróttinni. Sumir foreldrar sem ekki hafa stigið á skíði í mörg ár hafa dregið búnaðinn fram úr geymslunni eða fengið sér nýjan. Þeir hafa aftur fundið gleðina og ánægjuna sem fylgir góðum skíðadegi. Einn jákvæðasti fylgifiskur íþróttaskólans á skíðasvæðunum er að almennum iðkendum hefur fjölgað, bæði í yngri aldursflokkunum og hjá fullorðnum.

Þegar illa viðrar og skíðasvæðin hafa ekki opnað hafa þjálfarar verið með æfingarnar annarsstaðar, til dæmis á



Ef ekki viðrar til skíðaæfinga þá er bara gert eitthvað skemmtilegt í staðinn.

Torfnessvæðinu. Þá er markmiðið að fá krakkana til að gera eitthvað skemmtilegt úti í slæmu veðri. Á þessum æfingum hafa þau til dæmis verið að renna sér á sleðum og þotum, farið í snjókast og tekið þátt í snjókallabyggingakeppni. Heyrst hefur að sumum finnst þær æfingar ekki síður skemmtilegar en æfingarnar á skíðasvæðunum.

Samstarf íþróttaskólans við starfsmenn skíðasvæðisins hefur ætíð verið mjög gott. Sérstaklega mæðir mikið á lyftustarfsmönnum í Tungudal í byrjun tímabils þegar margir eru að læra að fara í lyfturnar. Hafa starfsmenn verið börnunum sérstaklega hjálplegir; rétt börnunum jójóin, lagað skíði, þurrkað tár og hlaupið ófáa metrana til að styðja við byrjendurna út úr starti lyftunnar. Fyrir það þökkum við kærlega.

*Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir*




Mikill fjöldi ísfirskra púka tekur þátt í starfi íþróttaskóla HSV.

# DAGSKRÁ
## SKÍÐAVIKUNNAR 2015

### MIÐVIKUDAGUR 1. APRÍL

**10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungudal og Seljalandsdal opin**

**16:30 Setning skíðaviku á Silfurtorgi.** Lúðrasveit Tónlistarskóla ísafjarðar marserar ásamt meðlimum úr skíðafélagi Ísfirðinga frá Ísafjarðarkirkju kl 16:00 að Silfurtorgi þar sem setningin fer fram. Skíðafélag Ísfirðinga selur heitt kakó og pönnsur.

**17:00 Sprettganga Núps í Hafnarstræti.**

**13:00-17:00 Páskaleikur á Náttúrugripasafninu í Bolungarvík.** Lifandi páskaungar og þrautaleikur fyrir börn frá 0 til 14 ára. Verðlaun fyrir þá sem klára.

**13:00-18:00 Safnahúsið opið.** Í salnum er sýningin „veggir í sögu kvenna" – sjá http://safnis.is/

**20:00 Litli leikklúbburinn sýnir leikritið, Kallarðu þetta leikrit?! Í Edinborgarhúsinu.**
Miðaverð 3000, miðasölu sími 856 5455

**23:00-003:00 Krúsin, Dj-JB**

### FIMMTUDAGUR 2. APRÍL

**10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungudal og Seljalandsdal opin**

**11:00 KFÍ og Nói Síríus halda sitt árlega 2 á 2 páskaeggjamót í íþróttahúsinu Torfnesi.** Kaffihús KFÍ með belgískum vöfflum og ljúfengu smurbrauði ásamt glæsilegum kökubasar til styrktar yngri flokkum félagsins.

**12:00 Skíðaskotfimi á Seljalandsdal.** Keppnin er fyrir 15 ára og eldri. 15-18 þurfa skriflegt leyfi forráðamanns.

**14:00 Messa í Ísafjarðarkirkju.**

**15:00 Þrautabraut á snjóbretti í Tungudal ( fyrir 6 ára – 16 ára )**

**13:00-17:00 Páskaleikur á Náttúrugripasafninu í Bolungarvík.** Lifandi páskaungar og þrautaleikur fyrir börn frá 0 til 14 ára. Verðlaun fyrir þá sem klára.

**20:00 Kvöldguðsþjónusta í Flateyrarkirkju**

**20:00-22:00 Skíðakvöld á Bræðraborg**

**20:00-00:00 Krúsin, Upphitunarkvöld AFS, þar sem fram koma m.a. Himbrimi**

**20:00-24:00 Tónlistaveisla á Hótel Ísafirði.**
Fram koma Bjartey & Gígja úr Ylju – Sigga T – Snorri Helgason, Valdimar
Ath. að matargestir ganga fyrir með borð. Tilboð á mat:

**21:00-00:00 Húsið, Biggi Olgeirs**. Frítt inn.

**21:00 Sögukvöld í Kaupfélag Súgfirðinga, kaffihús.**

**22:00-24:00 Sönghrigur í Gallerí úthverfu, - hópur fólks kemur saman og syngur fyrir hvert annað.**
Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Sjá nánar hér: https://www.facebook.com/events/1592208230991734/

### FÖSTUDAGUR 3. APRÍL

**10:00-17:00 Skíðasvæðin í Tungudal og Seljalandsdal opin.**

**11:00 Bandaríska skíðakempan Marcus Caston býður fólki í fjallaferð, leiðbeinir og segir bransasögur.**
Mæting við Ísafjarðarbíó og þaðan keyrt á áfangastað.

**11:00-17:00 Furðufatadagur í Tungudal og Seljalandsdal.** Löng hefð er fyrir því að fjölskyldan skemmti sér saman í Tungudal og Seljalandsdal á föstudaginn langa. Fólk er hvatt til að mæta uppáklætt. Kveikt verður í grillinu um hádegi, börnin geta látið mála sig við undirleik lifandi tónlistar og sælgæti mun rigna af himnum ofan.

**Íþróttaálfurinn og Goggi Mega mæta í Tungudalinn.**

**10:00 Helgiganga frá Kirkjubóli í Valþjófsdal í Holt.**
Lagt er af stað kl. 10:00 frá Valþjófsdal og gengið í Holt. Boðið verður uppá súpu og brauð í Friðarsetrinu að leiðarlokum. Þetta verður ellefta helgigangan í Holtsprestakalli á föstudaginn langa. Fólk verður aðstoða við að komast aftur í bíla sína. Ókeypis og allir velkomnir.

**13:00-16:00 listrænn sölumarkaður á vegum Félags vestfirskra listamanna í Skátaheimilinu, Mjallargötu 4.** Til sölu verður það sem meðlimir félagsins hafa skapað. Bækur, hönnunarvara, málverk, myndbönd, tónlist o.s.frv., orgínal verk og fjöldaframleidd.

**15:00-17:00 After SKI á Hótel Ísafirði.**
Létt tónlist. Kakó, vöfflur og barinn opinn.
Páksamatur: Tilboð á Við Pollinum.

**16:00-17:00 Páll Óskar með barnaskemmtun í Edinborg**

**17:00 Leikdeild höfrungs Þingeyri sýnir Galdrakarlinn í Oz í Félagsheimilinu Þingeyri.** Miðasala á allar sýningar er hafin. Miðasölusími: 864 2974. Miðaverð 2.800 kr, sama verð fyrir krakka, konur, karla og líka galdrakarla.

**20:00 Gísli Súrsson og Grettir í Arnardal**
Kómedíuleikhúsið í samstarfi við heiðurshjónin í Arnardal býður uppá sannkallaða leikhúsveislu á páskum. Sýndir verða tveir vinsælar og einstakar leiksýningar á sama kveldinu byggðar á vinsælustu Íslendingasögunum. Nefnilega verðlaunaleikurinn Gísli Súrsson og nýjasti smellurinn Grettir, byggður á Grettissögu. Barinn opinn og einstök stemning í paradísinni í Arnarda. En það tekur aðeins 7 mín að aka í paradísina frá Ísafirði. Miðaverð litlar 3.500.- kr. Forsala fer fram í Hamraborg á Ísafirði. Miðasölusími: 891 7025

**20:00 Leikdeild höfrungs Þingeyri sýnir Galdrakarlinn í Oz í Félagsheimilinu Þingeyri.**
Miðasala á allar sýningar er hafin. Miðasölusími: 8642974. Miðaverð 2800 kr, sama verð fyrir krakka, konur, karla og líka galdrakarla.

**20:00 Órafmagnaðir tónleikar í Ísafjarðarkrikju**

KIPPTU MÉR ÚT!

ALDREI FÓR ÉG SUÐUR

ROKKHÁTÍÐ ALÞÝÐUNNAR

# LÆNÖPPIÐ 2015

## PÁSKAR Á ÍSAFIRÐI

## STUÐ OG STEMNING UM ALLAN BÆ

Himbrimi ★ Valdimar Guðmundsson

Júníus Meyvant ★ Gudrid Hansdottir ★ Kæsti Safírinn

Hugleikur Dagsson ★ Saga Garðarsdóttir

Mugison ★ Prins Póló ★ Emmsé Gauti

Pink Street Boys ★ Hemúllinn ★ Rythmatik

Sigurvegarar Músíktilrauna

Amabadama ★ Boogie Trouble

Valgeir Guðjónsson

**aldrei.is** - þú finnur okkur á netinu...


orkusalan
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Landsbankinn
SAMSKIP
Orkubú Vestfjarða
RÁS 2
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi




1. Aldrei fór ég suður
2. Sjúkrahús / Hospital
3. Veitingastaður / Restaurant
4. Hraðbanki / ATM
5. Fossavatn áburðaraðstaða / Waxing facilities
6. Lögreglan / Police
7. Strætó / Bus
8. Sundlaug / Swimming pool
9. Apótek / Pharmacy
10. Fossavatn mótsmiðstöð / Race Centre
11. Ísafjarðarkirkja / Church
12. Ísafjarðarbíó / Cinema
13. Gamla sjúkrahúsið / Culture House
14. Íþróttahúsið á Torfnesi / Sports Hall
15. Upplýsingamiðstöð / Tourist Info Office

# MJÖG GOTT AÐ VITA
# GOOD TO KNOW

Sími/Tel: **112** - Neyðaraðstoð / Emergency
Sími/Tel: **1777** - Vegagerðin, færð á vegum / Road conditions




## UPPLÝSINGAR UM PÁSKAOPNUN ÝMISSA ÞJÓNUSTUAÐILA Á SVÆÐINU MÁ FINNA Á ALDREI.IS

## FOR OPENING HOURS IN SHOPS AND OTHER SERVICES DURING EASTER WEEKEND SEE ALDREI.IS

ALDREI FÓR ÉG SUÐUR
ROKKHÁTÍÐ ALÞÝÐUNNAR

# DAGSKRÁIN
## EINS HÚN LEGGUR SIG

### Fimmtudagur:

| | |
|---|---|
| 20:00-24:00 | **Tónlistarveisla á Hótel Ísafirði**<br>Fram koma Bjartey og Gígja úr Ylju, Sigríður Thorlacius, Snorri Helgason og Valdimar Guðmundsson<br>Tilboð á mat, matargestir fá fyrstir sæti á tónleikana. |
| 20:00-24:00 | **Afés upphitunarkvöld á Krúsinni**<br>Fram koma Himbrimi og fleiri |
| 20:00-22:00 | **Skíðakvöld á Bræðraborg** |
| 21:00-24:00 | **Biggi Olgeirs heldur uppi stuðinu á Húsinu** |

### Föstudagur:

| | |
|---|---|
| 15:00-17:00 | **After ski á Hótel Ísafirði**<br>Létt tónlist. Kakó, vöfflur og barinn opinn. |
| 16:00-17:00 | **Barnaball með Páli Óskari í Edinborgarhúsinu** |
| 20:00-24:00 | **Útitónleikar við Húsið**<br>Fram koma Sigríður Thorlacius, Snorri Helgason, Bjartey og Gígja úr Ylju, Hörmung, Smiths Tribute og Boogie Trouble. |
| 20:00-22:00 | **Aldrei fór ég suður sett í kirkjunni með órafmögnuðum tónleikum**<br>Fram koma: Himbrimi, Júníus Meyvant, Guðrið Hansdóttir og Valdimar Guðmundsson |
| 22:00-24:00 | **Grínbræðingur í Alþýðuhúsinu**<br>Saga Garðarsdóttir, Hugleikur Dagsson og Kæsti Safírinn |
| 22:00-24:00 | **Lifandi tónlist á Edinborg Bistró** |

### Laugardagur:

| | |
|---|---|
| 14:00-16:00 | **Súputónleikar á Krúsinni**<br>Súpa og kaldur yfir ljúfum tónum |
| 15:00-17:00 | After ski á Hótel Ísafirði<br>Létt tónlist. Kakó, vöfflur og barinn opinn. |
| 15:00-16:30 | **Heimkomuhátíð í Háskólasetrinu** |
| 17:00-24:00 | **Skemmutónleikar**<br>Í skemmu Gámaþjónustu Vestfjarða við Grænagarð |
| 22:00-24:00 | **Lifandi tónlist á Edinborg Bistro** |

### Sunnudagur:

| | |
|---|---|
| 13:00-15:00 | **Ráðstefna Aldrei fór ég suður** |
| 16:00-18:00 | **Tónlistargleði á Húsinu**<br>Bjartey og Gígja úr Ylju, Valdimar Guðmundsson, Snorri Helgason og Sigríður Thorlacius |

### Djammið:

| | |
|---|---|
| Föstudagur: | **DJ Matti á Húsinu**<br>**Helgi Björns og SSSól á Krúsinni**<br>**Páll Óskar í Edinborgarhúsinu** |
| Laugardagur: | **DJ Óli Dóri á Húsinu**<br>**Sniglabandið í Edinborgarhúsinu**<br>**President Bongo úr GusGus á Krúsinni** |
| Sunnudagur: | **Sniglabandið í Edinborgarhúsinu**<br>**AmabaDama á Krúsinni** |

**aldrei.is** – **þú finnur okkur á netinu...**

**20:00 Útitónleikar á Húsinu.**
Tónlistarveisla fram koma Sigríður Thorlacius, Snorri Helgason, Bjartey og Gíja úr Ylju og hljómsveitin Hörmung, Smiths Tribute og hljómsveit Boogie Trouble og þar á eftir tekur Dj Matti á Rás2 við og spilar til kl 04:00. Frítt inn

**22:00 Bræðingur í Alþýðuhúsinu,** Saga Garðars, Hugleikur Dagsson og Kæsti Safírinn.

**22:00-24:00 Edinborg, lifandi tónlist.** Hverjir það verða verður „surprise".

**00:00-04:00 Krúsin, stórdansleikur með Helga Björns og SSSÓL**

**24:00-04:00 Edinborg, Stuðdansleikur með Páli Óskari.**

## LAUGARDAGUR 4. APRÍL

**10:00-17:00 Skíðasvæðin í Tungudal og Seljalandsdal opin.**

**10:00-15:00 Íþrótta og leikjadagur Höfrungs í Íþróttamiðstöð Þingeyrar.** Í boði verður þrautaplan fyrir börnin, páskaeggjaleit, körfubolti og fótbolti fyrir alla

**12:00-17:00 Pop up markaður í andyri Dekurstofu Dagnýjar.** Fylgihlutir frá Ísafold og fatnaður frá Evuklæðum.

**13:00 Páskaeggjamót HG í Tungudal og á Seljalandsdal fyrir börn fædd 2003 og síðar.**

**13:00-17:00 Páskaleikur á Náttúrugripasafninu í Bolungarvík.** Lifandi páskaungar og þrautaleikur fyrir börn frá 0 til 14 ára. Verðlaun fyrir þá sem klára.

**14:00 Leikdeild höfrungs Þingeyri sýnir Galdrakarlinn í Oz í Félagsheimilinu Þingeyri.**
Miðasala á allar sýningar er hafin. Miðasölusími: 8642974. Miðaverð 2800 kr, sama verð fyrir krakka, konur, karla og líka galdrakarla.

**13:00-16:00 Safnahúsið opið.** Í salnum er sýningin „veggir í sögu kvenna" – sjá http://safnis.is/

**14:00-16:00 Krúsin, Súputónleikar (súpa og kaldur yfir ljúfum tónum)**

**14:00 páskabingó kvenfélagsins Brynju á Flateyri í Íþróttahúsinu á Flateyri.**

**15:00-16:30 Heimkomuhátíðin fer fram í Vestrahúsinu á Ísafirði, nánar tiltekið Suðurgötu 12.** Á heimkomuhátíðinni munu fyrirtæki kynna starfsemi sína á Norðanverðum Vestfjörðum. Hátíðin ætluð öllum þeim sem hafa áhuga á að búa á Norðanverðum Vestfjörðum, bæði brottflutta og aðkomufólk sem vill kynna sér kosti svæðisins.

**15:00-17:00 After SKI á Hótel Ísafirði.**
Létt tónlist. Kakó, vöfflur og barinn opinn.
Páksamatur: Tilboð á Við Pollinum.

**17:00-00:00 Aldrei fór ég suður – rokkhátíð alþýðunnar.**

**21:00 páskabingo í Simbahöllinni á Þingeyri**, spennandi verðlaun í borði

**22:00-24:00 Edinborg, lifandi tónlist.** Hverjir það verða verður „surprise".

**23:00 Krúsin, President Bongo úr Gus Gus**

**24:00-04:00 Edinborg, dansleikur með Sníglabandinu**

**24:00-04:00 Húsið Dj Óli Dóri.** Frítt inn.

## SUNNUDAGUR 5. APRÍL

**10:00-17:00 Skíðasvæðin á Tungusal og Seljalandsdal opin.**

**09:00 Messa í Ísafjarðarkirkju.**

**14:00 Garpamót í svigi í Tungudal og á gönguskíðum á Seljalandsdal.**

**11:00 í Holtskirkju, páskamessa.**

**14:00 í Suðureyrarkirkju, páskamessa**

**12:00-03:00 Biggi Olgeirs með pöbbastemmingu í félagsheimilinu Bolungarvík.**
Miðaverð 1500 kr

**16:00-18:00 Húsið, tónlistarveisla.** Fram koma Valdimar Guðmundsson, Snorri Helgason, Bjartey, Gíja úr Ylju og Sigríður Thorlacius. Frítt inn

**00:00-04:00 Krúsin**, Vinsælasta hljómsveit landsins Amaba Dama lokar páskunum með mega partý balli á Krúsinni

**24:00-04:00 Edinborg, dansleikur með Sniglabandinu.**

## MÁNUDAGUR 6. APRÍL

**10:00-17:00 Skíðasvæðin í Tungudal og Seljalandsdal opin.**

## VILTU VITA MEIRA?

## SKIDAVIKAN.IS VEIT SVARIÐ!

# JÓNSMÓT Á DALVÍK

## FERÐASAGA



Keppendur SFÍ, Einar Geir Jónasson, Natalía Guðný Guðbjartsdóttir, Guðmundur Elías Helgason, Davíð Hjaltason, Hanna Þórey Björnsdóttir og Ásgeir Óli Kristjánsson

**Skíðafélag Dalvíkur** heldur árlega skíðamót með sundívafi sem haldið er til minningar um Jón Bjarnason, einn af stofnendum félagsins. Nú í ár fór mótið fram 6. til 8. mars og þar kepptu 9-13 ára börn af öllu landinu. Keppnin er að hluta til með óhefðbundnu sniði, annarsvegar er keppt í svigi og hinsvegar er keppt í tvíkeppni; ein ferð stórsvig og 50 metra bringusund. Undanfarin ár hefur Skíðafélag Ísfirðinga sent keppendur á þetta mót og eru þátttakendur sammála um að skemmtilegri verða skíðamótin tæpast. Skíðað er að kvöldlagi í upplýstri brekku, kyndlar afmarka keppnissvæðið og varðeldur logar á marksvæði. Að keppa í sundi er líka skemmtileg ögrun og góð tilbreyting fyrir öfluga skíðakrakka. Að þessu sinni samanstóð hópurinn okkar af tveimur fararstjórum, þjálfaranum Hafrúnu Lilju Jakobsdóttur og sex keppendum; Natalíu Guðnýju Guðbjartsdóttur 10 ára, Hönnu Þóreyju Björnsdóttur 13 ára, Guðmundi Elíasi Helgasyni 12 ára, Ásgeiri Óla Kristjánssyni 12 ára, Davíð Hjaltasyni 12 ára og Einari Geir Jónassyni 12 ára. Einar Geir ritaði litla ferðasögu fyrir Skíðablaðið sem fylgir hér á eftir.

Við krakkarnir í SFÍ lögðum af stað frá Torfnesi á föstudagsmorgni á sama tíma og strákarnir í 4. flokki BÍ/Bolungarvík –en þeir voru á leiðinni á fótboltamót á Akureyri. Við vorum í níu manna rútu, sex skíðakrakkar á aldrinum 10-13 ára, Hafrún þjálfari og Helgi og Sigga Lára foreldrar.

Við fórum í leikinn „**Hver er maðurinn?**" á leiðinni norður, bara í staðinn fyrir „maðurinn" notuðum við „**íslenski bærinn**". Við stoppuðum á Hólmavík á sama tíma og fótboltastrákarnir en þeir voru á undan okkur inn og þá varð Davíð brjálaður vegna þess að hann var í spreng og klósettið var troðfullt útaf fótboltastrákunum.

Þegar við komum til Dalvíkur sögðu fararstjórarnir okkur að við ættum að gista í sveitaskóla rétt fyrir utan bæinn. Við komum okkur fyrir þar og skelltum okkur svo í sund. Daginn eftir vaknaði ég kl. 6 og fór í símann í Crossy road **MÆLI MEÐ**. (til í google play og App store )

Svo um hádegið fóru Hanna, Davíð, Geiri og Guðmundur að keppa í sundi en við Bolvíkingarnir (ég og Natalía) horfðum bara á. Við fórum upp í turn og kynntumst Jóhanni og Aðalheiði, frá Dalvík. Þau eru svona u.þ.b. 70 ára, held ég, en allavega var þessi Jóhann bróðir Jóns sem Jónsmótið er tileinkað (Jónsmótið).



Guðmundur Elías er hér efstur á palli.

### GUÐMUNDUR RÚSTAÐI SUNDKEPPNINNI!

Um kvöldið kepptum við í svigi og sáum Hrísey ofan úr fjalli. Ég var alveg hissa á því hvað hún var stór og mikið af ljósum þar, þetta var bara næstum því eins og Las Vegas, ég segi svona .... En aftur að keppninni. Við Guðmundur hituðum upp með því að labba svona 10 m upp og renna niður á klossunum.

Á verðlaunaafhendingunni vann ég Elan klossatösku í



Einar Geir ánægður með útdráttarverðlaunin.

happdrætti – var dreginn út af u.þ.b. 85 krökkum - pælið í þeirri heppni!

Og þar hitti ég Aðalheiði aftur og við töluðum um allt milli himins og jarðar.

Af leiðinni heim man ég mjög lítið :/



Hanna Þórey lenti í öðru sæti í sínum aldursflokki.

En allavega.... Það sem hér fer á eftir skrifaði ég sem stöðuuppfærslu á facebook þegar ég kom heim:

Borðeyri, litli bærinn rétt hjá ,,REYKJASKÓLA!!!!" og Staðarskála þar sem búa btw u.þ.b. 20 manns, ég hef oft hugsað mikið um hvernig væri að vera þar, nú fékk ég loksins að prófa að vera þar í Tangahúsi og á meðan ég var þar taldi ég ljósastaurana sem voru 21 u.þ.b. jafn margir og íbúarnir.

En allavega við vorum í lúxus íbúð, með risa stofu, borðtölvu, eldhúsi, sjónvarpi og gestaþrautum og tveimur herbergjum með fjórum kojum beint á móti sjónum dálítið ,,**CREEPY**".

En ástæðan fyrir því að við sváfum þar en héldum ekki áfram ferðinni var að Steingrímsfjarðarheiðin var lokuð svo að við stoppuðum í Staðarskála sem var fullur vegna þess að Holtavörðuheiðin var líka lokuð og allir sem voru að koma af Jónsmótinu voru þá bara fastir þar og líka vegna fótboltamótsins á Akureyri - sem 4. flokkur BÍ/Bolungarvík **btw** vann.

Ástæðan fyrir því að við vorum veðurteppt var örugglega sú að Ásgeir Óli, Davíð og Natalía óskuðu þess til þess að missa af skólanum en þá varð Hanna Þórey leið því að hún vildi komast í skólann.

**BTW=By the way/bæðevei/talandi um það...**

*Takk fyrir, Einar Geir Jónasson*



Sáttir ferðalangar í Tangahúsinu.



# SNJÓBRETTI

Starf Skíðafélags Ísfirðinga hefur að venju verið fjölbreytt og skemmtilegt í vetur, þrátt fyrir smávægileg vandkvæði tengd veðri. Þótt meirihluti krakkanna stundi annaðhvort svigskíði eða gönguskíði þá hefur hópurinn sem stundar snjóbrettaíþróttina farið stækkandi. Meðfylgjandi myndir voru teknar á æfingu nýlega á einum af þessum frábæru dögum sem við höfum sem betur fer fengið inn á milli lægðanna.

Brettahópurinn hefur útbúið braut í svokallaðri barnabrekku á skíðasvæðinu í Tungudal og þar verður keppt tvisvar nú um páskana. Boðið verður upp á keppni í brettafimi og svo hina vinsælu Mountain Dew keppni þar sem þátttakendur eiga að renna sér niður braut haldandi á glasi af Mountain Dew gosdrykknum og reyna að eiga sem mest eftir í glasinu þegar niður er komið. Mountain Dew keppnin verður nú í mun styttri braut en áður, en á móti kemur að brautin verður umtalsvert erfiðari. Fólk er eindregið hvatt til að mæta upp í Tungudal og taka þátt eða horfa á.

Þessu til viðbótar hefur verið útbúinn risastór stökkpallur fyrir ofan markskúrinn í Tungudal og er stefnt að því að hafa hann opinn um páskana. Pallurinn er ætlaður reyndara skíða- og brettafólki.

Það er rétt að minna á að nú eru bestu vikur vetrarins framundan og eru áhugasamir hvattir til að notfæra sér það og mæta á brettaæfingar. Það eru allir velkomnir!



Tekin fyrir neðan gilið - frá vinstri - Hjálmar, Arnar, Palli, Einar, Halldór, Heiðdís og Aron fyrir aftan að stökkva



Tekin ofarlega í neðra gili - frá vinstri - Aron, Einar, Arnar, Heiðdís, Hjálmar, Halldór, Palli

Tekin efst í Sandfelli - frá vinstri - Aron, Hjálmar, Heiðdís, Einar, Arnar, Axel Leví, Matti, Palli og Halldór

Orkubú Vestfjarða
Sími 450 3211 | www.ov.is

ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf
AÐALSTRÆTI 19, 415 BOLUNGARVÍK
HAFNARSTRÆTI 9, 400 ÍSAFJÖRÐUR
Sími: 450 7900 Fax: 456 7447 jon@endvest.is
Sími: 450 7910 Fax: 450 7919 gudmundur@endvest.is

SJÓVÁ

KLOFNINGUR
KL
SUÐUREYRI

VESTFIRSKIR
VERKTAKAR

NÝBÖKUÐ BRAUÐ OG KÖKUR




Opnunartími:

| | |
|---|---|
| Virka daga | kl. 07 – 18 |
| Skírdag | kl. 07 – 17 |
| Föstudaginn langa | kl. 08 – 17 |
| Laugardag | kl. 07 – 17 |
| Páskadag | kl. 08 – 17 |
| Annan í páskum | kl. 08 – 17 |

Velkomin á Skíðaviku
Gamla bakaríið
Aðalstræti 24 • Sími 456 3226 GAMALT EN SÍUNGT

Artoficeland.is
Listaverk úr náttúru Íslands



Fæst meðal annars hjá:
The Viking Akureyri
Upplifun Hörpunni
Ísbirninum Laugarveg
Gallerí Alþýðulist Varmahlíð Skagafirði
Rammagerðin Hafnarstræti Reykjavík
Gestastofan Þorvaldseyri

Artoficeland.is
sala@artoficeland.is
Sími 8631626

SKÍÐASKÁLINN TUNGUDAL - GISTING

*Skíðaskálinn í Tungudal er tilvalinn fyrir fjölskyldusamkomur, ættarmót eða ferðahópa sem vilja eiga góðar stundir í rólegu og notalegu umhverfi.*





- Gistirými fyrir allt að 12 manns í uppbúnum rúmum (4 tveggja manna herb. og 1 fjögurra manna herb.)
- Allt að 20 dýnur fyrir svefnpokagistingu
- Salur skálans tekur allt að 100 manns í sæti
- Fullbúið eldhús

Nánari upplýsingar í síma 865 5713
eða á netfangi hafraholt32@simnet.is

# Svigað í Svíþjóð!

**Það er ekki alltaf auðvelt** að æfa skíði hér á Íslandi. Veðrið er mjög óútreiknanlegt og færið ekki síður. Aðstæður standast ekki samanburð við það sem er erlendis þar sem brekkur eru lengri, færið harðara og veðurfar stöðugra en hér heima.



Í byrjun janúar tókum við vinkonurnar þá skyndiákvörðun að fara til Svíþjóðar að æfa og keppa við bestu aðstæður í nokkrar vikur. Við vorum báðar búnar með Menntaskólann og því ekki mikið mál að fá frí í vinnu og skella okkur út. Jóhann Bæring Gunnarsson, þjálfarinn okkar, hafði verið við æfingar og nám í Tårnaby fyrir „nokkrum" árum síðan og hafði Jói samband við gamla skólann sinn til að athuga hvort við mættum koma í heimsókn og æfa með þeim um tíma. Kom þá í ljós að gamall bekkjarfélagi hans var farinn að þjálfa við skólann og var okkur velkomið að æfa með þeim.

## Tårnaby er eins og Flateyri Svíþjóðar

Þann 13. janúar vorum við síðan mættar til Tårnaby eftir langt ferðalag. Þar beið okkar pínu lítið hótelherbergi sem var orðið troðfullt þegar allur skíðafarangurinn var kominn inn. Við æfðum þarna tvisvar á dag við frábærar aðstæður en mikinn kulda. Mamma Rannveigar hafði laumað kinesioteypi í töskuna hennar og notuðum við það óspart á kinnarnar til að verjast kali. Krakkarnir í Tårnaby tóku okkur vel og vorum við fljótar að kynnast nokkrum stelpum sem voru að æfa með skólanum þarna. Eftir að hafa verið úti í viku gátum við farið af hótelinu og fengum eftir það að gista frítt í íbúð hjá Ylvu, stelpu sem æfði með okkur.



Eins og Jói þjálfari orðaði það þá er Tårnaby eins og Flateyri Svíþjóðar. Mjög lítill bær en þaðan koma samt góðir skíðamenn, eins og Anja Pärson og Ingemar Stenmark. Aðstæður þar eru líka mjög flottar og gaman var að njóta þeirra meðan við vorum þarna.



Við ferðuðumst mikið um Svíþjóð þennan tíma og kepptum á mörgum mótum, alls níu. Við hittum íslenska landsliðshópinn á tveimur mótum og fékk Freydís Halla Einarsdóttir að vera eftir og æfa og gista með okkur í nokkra daga þegar landsliðið hélt áfram til Noregs.

Við komum síðan heim þremur vikum seinna reynslunni ríkari, með tómt veski og skemmtilegar minningar.

*Rannveig Hjaltadóttir og Thelma Rut Jóhannsdóttir*




**Opnunartími yfir páskana**

**Miðvikudagur - 10:00 - 23:00**
Spilakvöld

**Fimmtudagur, skírdagur - 10:00 - 24:00**
Murikkuskonsur og heitt kakó 17:00 - 19:00
Skíðafyrirlestur Gunnlaugs Jónasarsonar 20:00 - 22:00.

**Föstudagur - 10:00 - 19:00**
Lifandi tónlist milli 17:00 og 19:00.

Lau. frá 10:00 - 18:00 | Sun. frá 12:00 - 18:00 | Mán. frá 10:00 - 17:00

Bræðraborg, Aðalstræti 22, Sími 456-3322, www.borea.is



Bakarinn ehf Hafnarstræti 14.

Opið alla virka daga 7-18.

02.04 skírdag 8-16.30
04.04 laugard 8-16.30
06.04 2 í páskum 8-16.30
Lokað föstudaginn langa
og páskadag.

Mikið úrval af samlokum, brauði, rúnstykkjum, tertum og sætabrauði.

Einnig crepes og grilllokur.

Heitir drykkir kaffi, kakó og fl.

Gleðilega páska !

Bakarinn ehf Hafnarstræti 14 Ísafirði. S: 456 4771

Verið velkomin.

# Velkomin á Skíðaviku

**Opnun Lyfju um páskana:**
Skírdagur 11-13
Laugardagurinn 4. apríl 10-14

LYFJA
- Lifið heil

# Harðfiskverkun
Finnboga



Ísafirði

Sindragata 9, Sími: 456-3250, 893-8062, Email: gulli@snerpa.is

# Páskar á Hótelinu

## Skírdagur
***Tónlistaveisla á Hótel Ísafirði 20:00-24:00***
Fram koma: Bjartey & Gígja úr Ylju, Sigríður Thorlacius, Snorri Helgason ogValdimar Guðmundsson úr Valdimar
Ath. að matargestir ganga fyrir með borð.
Borðapantanir í 456 3360
***Páskamatseðilli á Við Pollinn***

## Föstudagurinn langi
***After SKI 15:00-17:00***
Létt tónlist. Kakó, vöfflur og barinn opinn
***Páskamatseðilli á Við Pollinn***

## Laugardagur
***After SKI 15:00-17:00***
Létt tónlist. Kakó, vöfflur og barinn opinn
***Páskamatur: Tilboð á Við Pollinum***

## Páskamatseðill á Við Pollinn

***Forréttir***

| | |
|---|---|
| Fiskisúpa að hætti hússins | 1.300 kr. |
| Hreindýra carapaccio á sallatbeði með sætsojasósu | 1.500 kr. |

***Aðalréttir***

| | |
|---|---|
| Haf og Sveit - Humar og Nautakjöt með rauðvínssósu | 4.900 kr. |
| Smjörsteiktur skötuselur með humarsósu og beikonkurli | 3.500 kr. |
| BBQ rif með hrásallati og kartöflubátum | 3.200 kr. |
| Salat með fetaosti, hnetum, döðlum og jarðaberjum | 2.900 kr. |

***Eftirréttir***

| | |
|---|---|
| Súkkulaði kaka með vanilluís og karamellusósu | 900 kr. |
| Ostakaka með rjóma | 900 kr. |

Hótel Ísafjörður | hotelisafjordur.is | info@hotelisafjordur.is | 456 4111

# HEIMSMEISTARAMÓT UNGLINGA Í ALPAGREINUM

**Í byrjun mars** var heimsmeistaramót unglinga í alpagreinum haldið í Lillehammer í Noregi. Skíðasamband Íslands sendi níu keppendur á mótið. Í þeim hópi átti Skíðafélag Ísfirðinga einn þátttakanda, Thelmu Rut Jóhannsdóttur. Þetta er í þriðja sinn sem Thelma keppir á heimsmeistaramóti unglinga og keppti hún bæði í svigi og stórsvigi.




Thelma Rut og Erla Ásgeirsdóttir



Stund milli stríða



Hluti íslenska hópsins

Ferðin hófst þann 26. febrúar þar sem hópurinn var við æfingar og keppni í vestur Noregi áður en heimsmeistaramótið byrjaði þann 6. mars. Í vestur Noregi eins og á vestur Íslandi hefur veðrið ekki verið að gera neitt svakalega góða hluti þennan veturinn. Því tók mikil rigning, snjókoma og hvass vindur á móti okkur sem varð til þess að einu stórsvigsmótinu var aflýst.

Að dvelja og keppa í Lillehammer er mikið ævintýri. Brekkurnar eru frábærar og gaman var að gista í Ólympíuþorpinu en Ólympíuleikarnir 1994 voru haldnir í Lillehammer. Þeir leikar eru af mörgum taldir glæsilegustu vetrarólympíuleikarnir hingað til. Öll aðstaða er hin glæsilegasta og umbúnaður mótsins var mjög flottur. Þá sérstaklega ávaxtabarinn í fjallinu, en þar fengu allir gestir, keppendur og þeir sem komu að mótinu fría ávexti. Uppákoma ferðarinnar var trúlega lúsaleit en lítil lús hafði smitast að vestan í hópinn fyrr um veturinn. Því var allur hópurinn kembdur vel og vandlega við nokkra uppskeru.

Thelma keppti í stórsvigi þann 7. mars. Það gekk mjög vel og náði hún besta árangri íslensku keppendanna. Síðan keppti íslenska liðið í liðakeppni eða Team Event. Einungis 16 bestu lið heims fá þátttökurétt og íslenska liðið var það 16. í röðinni. Fyrirkomulagið er þannig að tvær konur og tveir karlar frá hverri þjóð keppa í samhliðasvigi. Íslenska liðið keppti í fyrstu lotu á móti punktabesta! landinu, Austurríki. Þann 9. mars keppti Thelma svo í svigi en náði ekki að ljúka keppni. Að taka þátt í svona móti er mikil reynsla og Thelma kom kát heim af því eftir að hafa unnið… næstum því.

# Afhending verðlauna
# Awards ceremonies

**Verðlaunaafhending fyrir 50 km gönguna fer fram í Fossavatnskaffinu í íþróttahúsinu á Torfnesi að göngu lokinni. Verðlaunaafhending fyrir aðrar vegalengdir fer fram á Seljalandsdal og eru tímasetningar þessar:**

**25 km ganga með frjálsri aðferð, fimmtudaginn 30. apríl.**
Gangan hefst kl. 17:00, verðlaunaafhending kl. 19:00.

**5 km ganga, föstudaginn 1. maí.**
Gangan hefst kl. 17:30, verðlaunaafhending kl. 18:20.

**10 km ganga, laugardaginn 2. maí.**
Gangan hefst kl. 10:00, verðlaunaafhending kl. 11:30.

**25 km ganga, laugardaginn 2. maí.**
Gangan hefst kl. 10:00, verðlaunaafhending kl. 12:30.

***Athugið að kaffihlaðborð Fossavatnsgöngunnar er innifalið í skráningargjaldinu og að sjálfsögðu eru þátttakendur úr öllum vegalengdum velkomnir.***

**Awards ceremony for the 50 km distance will be at the cake buffet at the sports hall, after the race. Prize ceremonies for other distances will be at the finish area at Seljalandsdalur at the following times:**

**25 km free technique, Thursday April 30.**
Race starts at 17:00, prize ceremony at 19:00.

**5 km, Friday May 1.**
Race starts at 17:30, prize ceremony at 18:20

**10 km, Saturday May 2.**
Race starts at 10:00, prize ceremony at 11:30.

**25 km, Saturday May 2.**
Race starts at 10:00, prize ceremony at 12:30.

***Note that the Fossavatn cake buffet is included in your registration fee, participants from all distances are welcome!***

## Rútumiði

*Nauðsynlegt er að kaupa rútumiða fyrirfram. Þeir verða seldir samhliða skráningu og afhendingu gagna á Hótel Ísafirði. Miðinn kostar 1.000 kr. og gildir frá miðvikudegi til laugardags.*

## Bus pass

*Note that it is necessary to buy a bus pass in advance. The pass costs ISK 1.000 and is valid from Wednesday to Saturday. It can be purchased at the registration at Hótel Ísafjörður.*


Hótel Ísafjörður

TORG

# X-country buffet

***Wednesday - Saturday (16:00-21:00)***

***restaurant Við Pollinn at Hótel Ísafjörður***

***2.300 kr.***

On both Thursday and Friday at 20:00 experienced Fossavatn racers will tell you about the course and give you good advice.

Hótel Ísafjörður | hotelisafjordur.is | info@hotelisafjordur.is | 456 4111



*Fossavatnsgangan 2014*

early days, it were of course mainly the toughest competitors that did the Fossavatn. Around 1980 we usually had some 40 competitors, but at that point it was still a closed domestic race. If you did not live in Ísafjörður, you were only allowed to race as a guest with no chance to win any awards. There was also just this one distance, 20 km, which started up by a huge rock, known simply as the Rock. It was actually quite strenuous just getting to the start as it was about an hour's hike!

But things have been developing quite a lot in the right direction. In the nineties we introduced shorter distances, 10 km and 7 km. Then the 50 km were added to the race in 2004. All those new distances started by an old mountain road called Botnsheiði. The road was quite rough and was actually abandoned in 1996 when they made a tunnel through the mountain, rather than driving over it. Nevertheless there was much easier access to this start than to the Rock, which was still the starting point for the original 20 km. Finally, the 20 km were moved to the mountain road as well, and now everything has been moved once again, to the ski area at Seljalandsdalur. This was a development that happened little by little over several years, but it added to the popularity of the race. Along with an increased number of participants, the demands have increased as well, which means we are always pushing ourselves to do better. For example, in the early days, when the participants were all local, they all knew the area and knew exactly what to do if an unexpected storm suddenly started during a race, or something like that. No one was really worried. Now, on the other hand, half of the skiers or even more have never skied in the area before. That has totally changed the way we look at things like security measures, marking and designing of the track etc. We also get Technical Delegates from the International Ski Federation every year. They of course share their views and experiences, something we have learned a lot from. We are always looking for ways to improve ourselves and become even better.

**You mentioned earlier that the start used to be up in the mountains, but last year it was moved down to the ski area in Seljalandsdalur. Thus the race has become a circular one instead of a "point A to point B" one. Why did you decide to do that?**

This is simply something that we had to do, considering how the race has been growing and developing in recent years. It has to do both with security and better use of our staff. Before, when Fossavatnsgangan was open only for the people of Ísafjörður we were not too concerned about the weather. We could simply delay the race again and again until we got good enough weather to race. Sometimes there was even up to a month from the scheduled date until the race was actually staged. But this is something we can't do anymore, now that we have guests from all over the world. We either have to stage the race on race day or cancel it. Some years ago we designed an alternative track, our plan B, at Seljalandsdalur, which does not require that the skiers go as high up to the mountains. This allows us to stage the race even if strong winds prohibit the use of the main track. We have had to revert to this plan B a couple of times in recent years, and then it has been really difficult to have all the race equipment stuck somewhere upon the mountain. Switching from plan A to plan B is thus much less complicated with the start and finish at the ski area at Seljalandsdalur. This also means that we don't need to split our staff between the start and finish areas, as we did before. This was, thus, a necessary change, even though it did have its charm to race from point to point.

**But how does this affect the course?**

